



KSI



HEILDARENDURSKOÐUN Á KNATTSPYRNU KVENNA

SKÝRSLA STARFSHÓPS

KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS



HEILDARENDURSKOÐUN Á KNATTSPYRNU KVENNA

SKÝRSLA STARFSHÓPS

- 8 Upphafið**
- 10 Samantekt á niðurstöðum**
- 15 Aukin þátttaka**
- 27 Þróum leikinn**
- 37 Styrkjum stjórnun**
- 47 Breytum ímyndinni – aukum sýnileika**

— Upphafið

Á ársþingi 2019 var lögð fram tillaga þess efnis að stjórn KSÍ færi í heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna þar sem ýmsar ályktanir um breytingar í málaflokknum rötuðu inn á ársþing en tóku eingöngu til hluta knattspyrnu kvenna. A landsliðsnefnd kvenna var síðar falið af stjórn KSÍ að fara í heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna. Eftir að hafa kynnt sér ítarlega nýja stefnumótun hjá bæði FIFA og UEFA um knattspyrnu kvenna var ákveðið að fara svipaða leið og bæði samböndin höfðu gert, þ.e. að skipta viðfangsefninu upp í fjóra efnisflokka sem fjölluðu um nokkra aðkallandi þætti í viðkomandi málaflokki. Einnig var verkefnið aðeins útvíkkað yfir í konur í knattspyrnu því ljóst er að þátttaka kvenna í knattspyrnuheiminum hefur verið lítil. Nauðsynlegt er að sýnileiki kvenna sé ekki eingöngu á vellinum heldur einnig í stjórnun, ákvarðanatöku og skipulagi.

Ákveðið var að hver efnisflokkur yrði unninn sjálfstætt í í fjórum mismunandi vinnuhópum og þeim gefið frjálsræði hvernig þeir teldu að vinnunni yrði best hagað. Að minnsta kosti einn meðlimur úr A landsliðsnefnd kvenna sat í stýrihóp hvers efnisflokks til að halda tengingu nefndarinnar við verkefnið. Þeir fjórir flokkar sem til skoðunar voru; grasrótin

og hennar verkefni, staðan á vellinum, þátttaka kvenna í ákvarðanatöku og að lokum ytri áhugi og ásýnd. Þessir efnisflokkar fengu vinnuheitin:

- **Aukin þátttaka**
- **Þróum leikinn**
- **Fjölguðum konum**
- **Breytum ímyndinni, aukum sýnileika**

Vinnuhóparnir fóru mismunandi leiðir enda mismikið til af efni og upplýsingum. Allir vinnuhóparnir höfðu það að markmiði að fara í samráð við knattspyrnuhreyfinguna því aðkoma sem flestra er hvati til umræðna og skoðanaskipta. Greint verður nánar frá vinnu hvers hóps undir sér köflum í skýrslunni.

Vinnuferlið í þessu verkefni hefur verið langt en ástæða þótti til að kafa djúpt í málefnið. Einnig hafði blessaða COVID-19 veiran áhrif á vinnuna eins og allt annað í knattspyrnuhreyfingunni. Hins vegar hafa mörg verkefni sem hér voru til skoðunar þegar komið til framkvæmda í millitíðinni, eða þegar hafa verið teknar ákvarðanir um framkvæmd þeirra sem er virkilega jákvætt.

Þegar á heildina er litið má áætla að um 200 manns úr knattspyrnuhreyfingunni hafi komið að þessari endurskoðun

knattspyrnu kvenna og viljum við þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn því verkefnið er gríðarlega umfangsmikið. Eftirfarandi markmið

- Að stúlkur fái að vaxa og dafna í fótbolta á eigin forsendum í heilbrigðu umhverfi
- Að fleiri stúlkur æfi fótbolta
- Að fá fleiri konur í leiðtogahlutverk í fótboltanum þ.e. í stjórnnum og ráðum, sem þjálfara, sjálfboðaliða og dómara
- Að auka gæði og samkeppnishæfni knattspyrnu kvenna
- Styrkja stöðu kvenna í hreyfingunni allri

Samantekt á niðurstöðum – tillögur til úrbóta

TÍMALÍNA

Ef rýnt er í sögu knattspyrnu kvenna í Englandi kemur margt áhugavert í ljós. Fyrsti óopinberi landsleikur kvenna á Bretlandi fór fram 1881 á milli Englands og Skotlands þar sem um tvö þúsund áhorfendur mættu. Heimildir eru um kvennaknattspyrnuleiki eftir það og átti kvennaknattspyrna talsverðum vinsældum að fagna. Sem dæmi var árið 1920 spilaður leikur á Goodison þar sem mættu hvorki fleiri né færri en 53.000 áhorfendur en fleiri þúsundir þurftu frá að hverfa þar sem ekki var pláss fyrir fleiri á vellinum. Því miður var kvennaknattspyrnan á Bretlandseyjum bönnuð árið eftir og alveg til 1971, í raun vegna of mikils áhuga á greininni. Fótbolti þótti ekki henta eða vera æskileg fyrir konur að stunda á þessum tíma. Það var svo ekki fyrr en árið 1969 sem Knattspyrnusamband kvenna, The Women's Football Association (WFA), var stofnað með 44 liðum og tveimur árum síðar aflétti enska knattspyrnusambandið banni sínu á knattspyrnu kvenna. Þróunin var þó frekar hæg og það var ekki fyrr en 1991 sem WFA sett á fót fyrstu deildarkeppnina með 24 liðum. Eins og flestir vita sem fylgjast með kvennaknattspyrnu er það ekki fyrr en síðustu ár sem knattspyrna kvenna kemst almennilega á flug á ný í

Bretlandi en EM kvenna verður haldin þar 2022.

Þessi fróðleikur sýnir okkur að góðir hlutir þróast hægt. Íslendingar hafa hins vegar verið framarlega í knattspyrnu kvenna til fjölda ára á evrópskan mælikvarða. Að okkar mati stöndum við fjölmörgum þjóðum framar en það er alltaf hægt að gera betur og nauðsynlegt til að dragast ekki aftur úr öðrum þjóðum þegar kemur að gæðum og getu. Þar megum við ekki sofna á verðinum og slá slöku við eins og gerðist á sínum tíma þegar kvennalandsliðið var lagt niður í nokkur ár vegna erfiðs reksturs KSÍ.


Skýrslan snertir flesta þætti sem snúa að knattspyrnu kvenna á Íslandi. Henni er ekki ætlað að vera tæmandi en vonandi fyrsta skrefið í átt að því að lyfta knattspyrnu kvenna á hærri stall. Meðfylgjandi eru tillögur að úrbótum en nú þegar hafa nokkrir þættir verið teknir til endurskoðunar og aðrir komist í framkvæmd. Lagt er til hvar ábyrgðin liggur að koma viðkomandi þáttum í framkvæmd sem og tillögur að tímasetningum. Það er svo hlutverk stjórnar KSÍ að taka afstöðu til tillagnanna og samþykkja, koma þeim í framkvæmd og úthluta fjármagni til þess að það sé mögulegt.

Pegar komið til framkvæmda	Tímasetning	Ábyrgð
Endurskipulagning landsliðsæfinga, nýtt fyrirkomulag hófst veturinn 2019/2020	1.11.2019	Knattspyrnusvið
Aðstoð við afreksþálfun í félögunum hófst 2020	1.1.2020	Knattspyrnusvið
Samþykkt kynjakvóta í nefndir Samþykkt á stjórnarfundi	12.2.2020	Stjórn KSÍ
Samþykkt leyfiskerfis byrjar 2021	22.2.2020	Árþing
4. flokkur getur teflt fram 8 manna liðum, boðið upp á 2020	1.5.2020	Knattspyrnusvið
Tillögur að þáttum til aðgerða	Tillaga tímasetn.	Tillaga að ábyrgðaraðilum
Hefja æfingar U21/U23 - setja landsliðið inn að fullu	28.02.2021	Knattspyrnusvið
Senda áskorun á félögin að setja upp kynjakvóta og vinna markvisst að honum	3.2.2021	Formaður
Koma með nýja útfærslu á flokkaskipulagi 2. flokks (U20) út frá tillögum vinnuhóps	1.3.2021	Knattspyrnusvið
Setja upp jafnréttisleiðbeiningar fyrir fræðslufni og fjölmiðlaskrif	1.3.2021	Samskiptadeild
Klára jafnréttisstefnu: bæta við kafla um fréttaskrif og gefa út og passa eftirfylgni	1.3.2021	Framkvæmdastjóri
Hvatning til styrktaraðila um aukinn hlut til knattspyrnu kvenna	1.4.2021	Framkvæmdast./markaðss.
Markviss markaðssetning knattspyrnu kvenna með félögunum	1.5.2021	Markaðssvið
Búa til hvatningu fyrir heimilin til að taka þátt, horfa, tala og vera virk	1.5.2021	Samskiptadeild
Aukin aðsókn á leiki, fara í af krafti fyrir 2021 tímabilið	1.5.2021	Markaðssvið
Setja upp leiðtoganámskeið fyrir konur í knattspyrnu	1.9.2021	Fræðsludeild
Setja upp sendiherraprógram - verðum að búa til fyrirmyndir	31.12.2021	Samskiptadeild
Skoða tilefni til breytinga í 3. flokki (ef tilefni þykir eftir breytingar á 2. flokki)	1.3.2022	Knattspyrnusvið
Fjölga kvenkyns þjálfurum, sjá punkta til bætingar í skýrslu	31.12.2022	Innanlandssvið
Fjölga kvenkyns dómurum, átak til 3 ára	31.12.2023	Innanlandssvið

Jafnframt þarf að huga að ýmsum fleiri þáttum kvennaknattspyrnunnar. Þar má nefna málefni eins og réttindi kvenna í knattspyrnu, sem oft á tíðum er ábótavant, sem og jöfnun launa. Jafnframt hvetur starfshópurinn KSÍ til að nýta sér styrk frá UEFA til að fara í stefnumótun í knattspyrnu kvenna og að setja í gang starfshóp um endurskoðun mótafyrirkomulags í meistaraflokki sem fyrst. Það er okkar von að þessi úttekt verði til þess að efla knattspyrnu kvenna

hér á landi, að hér séu stigin næstu skref og að félög geti nýtt sér tillögurnar til að bæta starfið í sínum félögum og eflt knattspyrnu kvenna í landinu. Við viljum nota tækifærið til að hvetja allar konur til að stíga fram og vera virkir þátttakendur í hreyfingunni okkar. Saman stöndum við miklu sterkari.

A landsliðsnefnd kvenna





- Senda áskorun á félög um að setja sér kynjakvóta
- Koma með útfærslu á nýrri uppsetningu á 2. flokki
- Setja upp jafnréttisverklag fyrir skrif í fjölmiðla o.fl.
- Samþykkja og birta nýja jafnréttisstefnu sambandsins
- Senda hvatningu á styrktaraðila/fyrirtæki um jafnréttismál
- Fyrsta leiðtoga-námskeiðið fyrir konur í knattspyrnu
- Sendiherrar kvenna í knattspyrnu taka til starfa

janúar -
apríl

maí -
ágúst

september -
desember

2022 -
2023

- Markaðssetning knattspyrnu kvenna í samvinnu við félögin
- Hvatning til heimilanna
- Plan um aukna aðsókn á leiki

- Skipulag 3. flokks skoðað
- Fjölgun hefur orðið hjá kvenkyns þjálfurum
- Fjölgun kvenkyns dómara

2021

2022-2023



— Aukin þátttaka


Fyrsti vinnuhópurinn tók til skoðunar þá þætti sem snúa að grasrótinni og skoðaði þróun á fjölda iðkenda í knattspyrnu og þá sérstaklega þróun á fjölda kvenkyns iðkenda. Vinnuhópurinn skoðaði einnig hæfi þjálfara sem þjálfar kvennaflokka og hlutfall kvenkyns þjálfara hjá aðildarfélögunum. Þá skoðaði vinnuhópurinn, í samvinnu við fræðsludeild KSÍ, hvað hafði verið gert til að fjölga kvenkyns þjálfurum. Vinnuhópurinn tók saman punkta fyrir félögin sem þau geta nýtt sér til að fjölga kveniðkendum. Þessir punktar komu frá félögunum sjálfum. Þeir sýna hvaða aðgerðir sem félögin hafa gripið til hafa veitt bestan árangur og fjölgað kveniðkendum. Einnig var staða kvendómara skoðuð með tilliti til fjölda og til hvaða ráðstafana hafi verið gripið til að reyna að fjölga þeim. Þessi vinna var unnin í samvinnu við dómara nefnd

KSÍ og með starfsmönnum dómaramála. Fyrir vinnu í hópnum stóð stjórnarkonan Ragnhildur Skúladóttir. Henni til aðstoðar var Katla Guðjónsdóttir úr Víkingi. Vinnuhópurinn kallaði til fjöldann allan af fólki vegna verkefnisins, meðal annars hluta dómara nefndar, starfsmenn dómara- og fræðslumála hjá KSÍ sem og um 30 þjálfara frá aðildarfélögunum. Vinnuhópurinn nýtti einnig skýrslur stjórnarmanna úr heimsóknum til aðildarfélaga frá árinu 2018. Þá skoðaði vinnuhópurinn einnig skýrslu sem rituð var af Kristni Sverrissyni, en hann heimsótti knattspyrnufélög víðs vegar um landið sumarið 2018 á vegum útbreiðslunefndar KSÍ.

Iðkandi er iðkandi óháð kyni

- fá félögin með

Konur í knattspyrnu eru u.þ.b. 1/3 af heildarfjölda iðkenda. Ef iðkendatölur kvenna frá árinu 2003 eru skoðaðar sérstaklega má sjá að fjölgunin er rúmlega 94% eða úr 4.789 árið 2003 í 9.290 árið 2019 eins og fram kemur á mynd 1.



Frá árinu 2010 hefur konum í knattspyrnu fjölgað um tæplega 3.000 eða um 30% af heildaraukningu knattspyrnuíðkenda. Samhliða auknum fjölda iðkenda hefur félögum fjölgað í deildarkeppni. Árið 2017 var þriðju landsdeildinni bætt við og voru félögin 29 í deildarkeppninni 2020. Af þessari fjölgun liða í deildarkeppnum má sjá að enn er rými fyrir fjölgun iðkenda í kvennaflokkum. Félög þurfa þó að gera

það markvisst og viðhafa sömu gæði í æfingum og þjálfun og gert er hjá drengjum. Enn er rými til að gera betur í þjálfun stúlkna, líkt og fram kemur í næstu köflum þessarar skýrslu.

Tillögur hvernig má auka þátttöku eftir stærð/svæði

Ýmsar tillögur komu fram í skýrslum stjórnarmanna úr heimsóknum til félaganna um hvernig huga mætti betur að stúlkum í knattspyrnu, hverjar væru líklegar ástæður þess að stúlkur æfðu síður og svo tillögur um hvernig mætti fjölga þeim.

Eitt af því sem kom skýrt fram í skýrslunum var að auka mætti samstarf á milli íþróttagreina og gefa iðkendum, þar á meðal stelpum, tækifæri á að æfa fleiri en eina íþróttagrein. Allt of algengt er að íþróttagreinar keppist um börnin í stað þess að vinna saman og gefa þeim tækifæri á að æfa fleiri greinar. Þá er mikilvægt að samþætta íþróttaiðkun skólastarfi hjá þeim yngstu, þar sem því verður við komið, þannig að æfingar geti farið fram á þeim tíma sem börnin eru í frístund. Einnig skiptir máli að félögin bjóði upp á leikskólatengd verkefni eða íþróttaskóla fyrir þau allra yngstu og nái þannig stúlkum inn í starfið mjög snemma.

Í skýrslu Kristins veltir hann upp spurningunni hvort að samfélagið og heimilin styðji eins vel við stúlkur og drengi og komu þessi viðhorf einnig fram í viðræðum við hóp þjálfara. Þjálfararnir höfðu upplifað að knattspyrnuíðkun stúlkna virtist oft skipta foreldra minna máli en drengja sem kom fram í því að þeir væru sinnulausari gagnvart stúlkunum, kæmu síður að horfa á og tækju þær frekar í frí á miðju tímabili. Drengurinn á að ná langt en stúlkan er í knattspyrnu til að vera með vinkonum sínum.

Ein hugmynd sem viðhöfð hefur verið í mörgum félögum eru vinkonuæfingar. Þá mega yngstu iðkendurnir bjóða 1-2 vinkonum sem ekki æfa á æfingu/æfingar með það að markmiði að fjölga iðkendum.

Nokkur félög ræddu það að knattspyrnuíðkun er ekki eins rótgróin í menningu stúlkna og drengja og því mikilvægt að þjálfarar nálgist yngstu stúlkurnar á þeirra forsendum. Þar sem best hefur gengið að laða stúlkur að knattspyrnunni hafa þjálfarar sett leikgleði og ánægju í fyrsta sæti. Mikið er um uppbrotsæfingar (bangsaæfing, búningaæfing, grænmetisæfing o.fl.) og í yngstu flokkunum hefur reynst vel að hafa fjölbreyttar æfingar þar sem knattspyrnan er ekki allsráðandi. Stúlkur þurfa einnig sitt olnbogaráymi og það virðist henta betur að hefja kynjaskiptingu strax í 8. flokki. Þar sem stúlkurnar æfa sér er líklegra að flokkarnir séu fjölmennari en þar sem eingöngu eru blandaðar æfingar. Mikilvægt er að móta og þróa stemninguna hjá stúlkunum og að þær upplifi sig sem hóp.

Fyrirmyndir skipta máli bæði þegar horft er til þjálfara og iðkenda. Gætu landsliðskonurnar okkar verið sýnilegri? Væri möguleiki á að þær gætu heimsótt félögin úti á landi? Síðar í þessari skýrslu verður fjallað meira um þjálfara.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að auka samvinnu á milli félaga og læra af þeim sem hafa náð árangri á þessum sviðum. Almennt ættu félög að vera viljug til að miðla af reynslu sinni til að efla knattspyrnu kvenna í heild sinni.

Heimilin þurfa að taka þátt

Rannsóknir hafa ítrekað sýnt að stuðningur og áhugi foreldra skiptir miklu máli þegar horft er til íþróttabátttöku og árangurs í íþróttum. Það skiptir til dæmis höfuðmáli fyrir áframhaldandi þátttöku að foreldrar séu til staðar og hvetji og styðji börnin í blíðu og stríðu. Því er upplifun þjálfara um ákveðið áhugaleysi foreldra á knattspyrnuíðkun dætranna ákveðið áhyggjuefni. Þeir upplifa mikinn mun á áhuga foreldra stúlkna annars vegar og drengja hins vegar. Á þetta við um

mætingu á leiki, þátttöku í starfi með stúlkunum (líðsstjórn, fararstjórn o.fl.) og almennan stuðning.

Því skiptir miklu máli að ná til heimilanna og gera þeim grein fyrir því að tólmstundastarf er ekki bara að mæta á æfingu. Að æfa fótbolta er ekki síður að horfa á fótbolta, tala um fótbolta, leika sér í fótbolta, mæta á leiki hjá meistaraflokkum en að mæta á æfingu. Sýna þarf stúlkum þær flottu fyrirmyndir sem við eigum í íþróttinni því allir þurfa jú góðar fyrirmyndir.

Góð hvatning á þessu sviði væri ákveðið átak til að hvetja foreldra áfram.

Fjölga kvenkyns þjálfurum


Eins og fram kemur í kaflanum hér að framan eru kvenkyns iðkendur í dag um 1/3 af heildarfjölda iðkenda í knattspyrnu, en endurspeglast þetta hlutfall í öðrum þáttum knattspyrnunnar? Hver er staðan þegar horft er til þjálfara, dómara eða stjórnarfólks?

Í samantekt starfsmanna fræðsludeildar KSÍ kemur fram að meðaltali eru 10 þjálfarar að þjálfva kvennaflokka í hverju félagi, þar af eru 4,4 af þeim konur eða rúmlega 40%. Að sama skapi má fullyrða að ekki séu margar konur sem þjálfva karlaflokka og því heildarfjöldi kvenkyns þjálfara í hverju félagi ekki í samræmi við heildarfjölda kvenkyns iðkenda. Fjöldi kvenna í þjálfun endurspeglast einnig í því hversu margar konur hafa sótt sér þjálfaramenntun á vegum KSÍ. Hér að neðan má sjá stöðuna eins og hún var árið 2019.

- **Fjöldi KSÍ B þjálfara 505, þar af 51 kona – 10%**
- **Fjöldi KSÍ A þjálfara 196, þar af 18 konur – 9%**
- **Fjöldi UEFA Elite Youth A þjálfara 41, þar af 7 konur – 17%**
- **Fjöldi UEFA Pro þjálfara 26, þar af ein kona og önnur er í náminu**
- **Fjöldi markmannsþjálfara GK A eru 10, þar af er engin kona**

Af þeim 448 þjálfurum félaga sem starfa í félögum innan leyfiskerfisins eru einungis 17% konur en 83% karlar.

Fjöldi þjálfara eftir kyni



Mynd 2. Kynjaskipting þjálfara hjá félögum í leyfiskerfinu.

En hvað hefur verið gert með það að markmiði að fjölga konum sem sækja þjálfaranámskeið á vegum KSÍ? Knattspyrnusambandið hefur í langan tíma verið meðvitað um að fjölga þurfi konum í þjálfun og hefur ýmislegt verið gert með það að markmiði. Fyrir nokkrum árum var ákveðið að auglýsa KSÍ 3 þjálfaranámskeið eingöngu fyrir konur þar sem talið var að ástæðan fyrir því að konur héldu ekki áfram að sækja þjálfaranámskeið gæti legið í því að karlmenn væru of afgerandi á námskeiðunum. Námskeiðið var ekki haldið vegna lítills áhuga frá konunum.

Almennt eru þjálfarar valdir til þátttöku inn á KSÍ A gráðuna eftir ákveðnu matskerfi, en til að ýta undir fjölgun kvenna komast þær sjálfkrafa inn á námskeiðið. Árið 2015 auglýsti KSÍ A þjálfaranámskeið eingöngu fyrir konur og var frítt á námskeiðið vegna styrkja sem kom frá UEFA, en almennt er námskeiðið kostnaðarsamt þar sem

hluti af námskeiðinu fer fram erlendis. Námskeiðið þótti takast einstaklega vel en það voru 10 konur sem sóttu námskeiðið. Stefnt er að því að bjóða upp á sams konar námskeið haustið 2021 til að efla konur enn frekar í því að bæta við sig menntun í þjálfunarfræðum.

Að frumkvæði leikmanna kvennalandsliðsins bauð sambandið upp á KSÍ 1 þjálfaranámskeið í æfingaferð kvennalandsliðsins á Spáni í mars 2020. Markmiðið var að auðvelda þeim konum sem leika knattspyrnu erlendis að nálgast námskeiðin, en búseta og annir í knattspyrnu hafa gert þeim erfitt um vik. Skemmst er frá því að segja að 11 landsliðskonur tóku þátt og voru þær mjög ánægðar með námskeiðið. Til stóð að halda KSÍ 2 í júní þegar landsliðið átti að koma saman hér á landi, en vegna COVID-19 var verkefninu frestað og þar með námskeiðinu. Hvernig þessari tilraun verður framhaldið er í skoðun hjá sambandinu en ljóst er að það væri

jákvæð viðbót við kvenþjálfaraflóruna ef að tækist að fá fyrrum landsliðskonur til að snúa sér að þjálfun eftir að keppnisferli þeirra lýkur. Þetta verkefni á sér fyrirmyndir hjá nágrannaþjóðum okkar og gerir það meðal annars að verkum að sterkar fyrirmyndir í þjálfarastéttinni hafa komið fram.

Það er mjög mikilvægt að ýta undir að konur taki að sér þjálfarastörf og haldi áfram að sækja þjálfaranámskeið. Knattspyrnusamfélagið þarf einfaldlega

á því að halda og sem dæmi má geta þess að það styttist í að það verði skylda að hafa konu í þjálfarateymi allra kvennalandsliða skv. reglugerðum UEFA. Til þess að skoða af hverju svona fáar konur hafa valið þjálfarastörf fékk vinnuhópurinn til liðs við sig þjálfara sem hafa mikla reynslu í þjálfun og var umræðuefnið af hverju konur sæktu síður í þjálfarastörf og hvað væri hægt að gera til að fjölga konum í þjálfun. Hér fyrir neðan eru hugmyndir sem lagðar voru fram og gætu verið til úrbóta:

- **Það væri æskilegt að KSÍ færi fram með góðu fordæmi og passaði upp á að kvenkyns þjálfarar væru í þjálfarateyimum sambandsins.**
- **Vantar fleiri kvenkyns fyrirmyndir í þjálfarastarfið, er t.d. hægt að nýta Elísabetu Gunnars sem fyrirmynd annarra kvenna í þjálfun? Engin kona er aðalþjálfari meistaraflokks í efstu tveimur deildunum árið 2019-2020.**
- **Breyta ímynd þjálfarastarfsins og þeim gildum sem fólk vill sjá við þjálfun og þykja gjarnan „karllæg“, t.d. að kalla hátt og vera harður og ákveðinn. Slík gildi vega oft hærra en góð grunnþjálfun. Allt þetta geta konur veitt til jafns við karla.**
- **Gera starfið fjölskylduvænna**
- **Stelpur á 2. flokks aldri eru í mikilli hættu á brottfalli og margar upplifa sig útundan þar sem jafnaldrar og jafnvel yngri stelpur eru oft komnar í meistaraflokk á undan þeim. Getu félögin boðið þessum stelpum þjálfara- eða dómarastörf og haldið þeim þannig áfram í starfinu? Góður þjálfari er ekki endilega „stjörnuleikmaðurinn“.**
- **Hæfileikamótun fyrir efnilega kvenkyns þjálfara, grípa stelpur sem standa sig vel og eru efnilegar, veita þeim athygli og stuðning.**
- **Fyrirlesarar í þjálfaramenntun eru flestir karlar, nema þegar kemur að öðrum atriðum en fótbolta (t.d. næringu, einelti). Því ætti að fjölga kvenkyns kennurum/þjálfurum á þjálfara-**

námskeiðum KSÍ. KSÍ hefur brugðist við og nú kennir Íris Eysteinsdóttir á námskeiðunum og vonandi bætast fleiri við í náinni framtíð. Þá hafa nokkrar konur verið leiðbeinendur í þjálfaraskólanum, t.d. Íris Eysteinsdóttir, Soffía Ámundadóttir, Sigríður Baxter og Edda Garðarsdóttir.

- **Án efa mun menntuðum þjálfurum fjölga í kvennaflokkunum með tilkomu leyfiskerfis í kvennaboltanum.**
- **Sumar þjóðir hafa boðið upp á frítt nám fyrir konur.**


Fjölga hæfum þjálfurum í yngri flokkum

Vinnuhópnum fannst ástæða til að skoða menntunarstöðu þjálfara kvennaflokka í félögum í efstu tveimur deildunum m.a. vegna þess að sá orðrómur hefur verið á kreiki að þjálfarar kvennaflokka hafi síður tilskilin þjálfararéttindi en þeir þjálfarar sem þjálfar karlaflokka. Ein af skýringunum er að þar sem ekki hefur verið leyfiskerfi í efstu deildum kvenna þá hafi það minni

aflleiðingar að ráða þjálfara sem ekki hafa tilskilin réttindi, á kvennaflokka en karlaflokka. Þess má geta að allir þjálfarar í efstu deild kvenna uppfylla menntunarkröfur leyfiskerfisins, eru með a.m.k. KSÍ A þjálfaragráðu.


Næstu tvær myndir sýna menntunarstöðu þjálfara í karlaflokkum annars vegar og kvennaflokkum hins vegar. Báðar myndirnar sýna að menntunarsaða þjálfara sem þjálfar stúlkur er lakari en þjálfara sem þjálfar drengi. Nú þurfa aðalþjálfarar í 5. flokki og yngri að hafa lokið a.m.k. UEFA B og í 2.-4. flokki a.m.k. KSÍ V.

Þjálfarar með UEFA B réttindi í 5. flokki og niður



Mynd 3. Hlutfall þjálfara í 5. flokki og yngri sem eru með tilskilin þjálfararéttindi hjá drengjum annars vegar og stúlkum hins vegar miðað við kröfur leyfiskerfisins.

Þjálfarar með KSÍ B+ 5 stig í 4. fl.-2. fl.




Mynd 4. Hlutfall þjálfara í 4.-2. flokki sem eru með tilskilin þjálfararéttindi hjá drengjum annars vegar og stúlkum hins vegar miðað við kröfur leyfiskerfisins.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá fjölda félaga þar sem a.m.k. einn þjálfari var ekki með lágmarksréttindi – sem dæmi, þá eru 10 félög ekki með þjálfara með lágmarksréttindi í 4. fl. kvenna. Í heildina talið er 41 tilvik/flokkur þar sem þjálfarar hafa ekki tilskilin réttindi kvennamegin á

móti 15 karlamegin. Það þarf líklega ekki að taka það fram að stefnt er að því að talan sé núll hjá báðum kynjum og allir þjálfarar hafi tilskilin réttindi miðað við leyfiskerfið. Um er að ræða alla þjálfara yngri flokka í 23 félögum í efstu tveimur deildum (öll nema ÍBV).

Fjöldi þjálfara ekki með lágmarksréttindi pr. flokk



Mynd 5. Fjöldi þjálfara í 8.-2. flokki sem ekki hafa tilskilin þjálfararéttindi miðað við kröfur leyfiskerfisins.

Fjölga kvenkyns dómurum

Mjög erfiðlega hefur gengið að fjölga kvendómurum hjá KSÍ. Nokkrum sinnum hefur verið farið í átak til að gera betur en því miður hefur það litlu skilað. Fjöldi kvenna sem hafa dæmt leiki árin 2019 og 2020 er sýndur hér að neðan.

Fjöldi kvenna sem dæmdu leiki

	1 leik eða fleiri		5 leiki eða fleiri	
	2019	2020	2019	2020
Unglingadómarar	115	108	5	5
Héraðsdómarar	8	4	5	1
Landsdómarar	2	3	2	3

Konur sem dæma fyrir KSÍ

	2019	2020
Landsdómarar	3	3
KSÍ dómarar	4*	4

* þar af 2 nýjar 2019

Af þessu sést vel að það eru þó nokkrar konur sem dæma leiki hjá sínum félögum. Því miður er það svo að umhverfið í kringum dómara er ekki nægjanlega gott hjá mörgum félögum. Áreiti, virðingarleysi og dónaskapur í garð dómara er mikill og félögum hefur ekki tekist nægjanlega vel til þegar

kemur að því að vernda unga dómara sem margir hverjir hafa áhuga á að fara lengra en treysta sér svo ekki til þess þegar á hólminn er komið. Helstu ástæður sem kvenkyns dómarar nefna þegar þær eru spurðar að því af hverju þær vilja ekki halda áfram að dæma eru;

- **Áreiti frá þjálfurum og foreldrum**
- **Áreiti frá leikmönnum**
- **Afleiðingar af slæmri ákvarðanatöku**
- **Einhverjar voru enn þá að spila**

Haustið 2017 var lagt upp með átak til að fjölga konum í dómgæslu. Haft var samband við dómara stjóra fjögurra félaga sem hafa staðið sig vel í dómaramálum og þau fengin til að finna efnilegar stúlkur í sínu félagi sem gætu haft áhuga á dómgæslu og væru til í að leggja hana fyrir sig í framtíðinni. UEFA dómarnir Bríet Bragadóttir og Rúna Kristín Stefánsdóttir voru fengnar til liðs við verkefnið og til að vera stúlkunum fyrirmyndir. Héldu þær fyrirlestra hjá Breiðabliki, FH og Fylki fyrir stúlkur í 3. og 2. flokki til að segja þeim frá starfi dómara og hvernig þeirra vegferð í dómgæslu hafi verið. Búin var til Facebook hópur til að halda utan um áhugasamar stúlkur og skapa liðsheild. Haldin var ráðstefna fyrir þessar stúlkur í febrúar 2018 þar sem dómara starfið var kynnt enn frekar og þær fengu leiðbeiningar um starfið. Sex stúlkur tóku þátt í þessu verkefni og höfðu áhuga á að vinna í því að leggja fyrir sig dómgæslu. Hópurinn hélt saman um veturinn, var með nokkra „hittinga“ og sameiginlegar æfingar. Framhaldið fólst í því að setja dómaraefnin á leiki í Lengjubíkar sem hentuðu byrjendum vel undir leiðsögn Bríetar og Pjeturs Sigurðssonar, starfsmanns KSÍ. Því miður fór þetta þannig að fáir dómara skiluðu sér í nokkra leiki. Ástæðurnar

voru helst þær að sumar voru enn að spila og höfðu því ekki tíma en langtíma-meisli voru einnig nefnd sem ástæða þess að þær skiluðu sér ekki aftur inn á völlinn. Í upphafi var lagt upp með að gefa sér 3 ár í þetta verkefni en botninn datt því miður úr því eftir rúmt ár. Þetta verkefni var kynnt á Norrænu dómara nefndarráðstefnunni í ágúst 2019 og þar var KSÍ hvatt til þess að halda áfram á sömu braut og reyna aftur.

Það er hins vegar ekki allt alveg svart þegar kemur að skoðun á kvendómurum á Íslandi. Sá ánægjulegi atburður átti sér stað í nóvember 2020 að Ísland sendi dómara kvartett á UEFA leik á erlendri grundu. Aldrei áður höfum við getað verið með kvenkyns kvartett á alþjóðlegum leik. Þetta er merki um framför en einnig gríðarlegt tækifæri fyrir KSÍ að búa til góðar fyrirmyndir fyrir komandi kvendómara og er mikilvægt að þetta tækifæri verði nýtt.

Á árinu 2021 mun dómara nefnd fara aftur af stað með átak til fjölgunar kvenna í dómgæslu. Markmið nefndarinnar er að fjölga um 2-3 konur á ári næstu 3 árin. Þetta er í raun margföldun á þeim fjölda sem starfandi er í dag. Þeir þættir sem nefndin mun nota í þessa vinnu eru m.a. að;

- **Auka til muna sýnileika kvenkyns dómara, búa til fyrirmyndir og hvatningu. Besta leiðin er í gegnum samfélagsmiðla og miðla KSÍ. Búa til kynningarinnslög og viðtöl.**
- **Hafa skipulagðar æfingar eingöngu fyrir kvenkyns dómara.**
- **Fara í meiri „maður á mann“ vinnu við að fá inn kvenkyns dómara. Vera í samstarfi við félögin í því sambandi meðal annars.**

- **Búa til betra tengslanet/samvinnugrunn milli þeirra kvenkyns dómara sem eru til og þeirra sem eru að byrja. Búa til góðan hóp sem styrkur er í fyrir alla þátttakendur.**

Aukin þátttaka – samantekt

Kveniðkendur í knattspyrnu eru um 1/3 iðkenda á landinu. Töluvert rými er til að auka þann fjölda hjá mörgum félögum og er bent á aðgerðir sem hafa skilað félögum góðum árangri. Sérhvert félag ætti að geta nýtt þessar hugmyndir og lagað að sinni starfsemi til að fjölga stúlkum sem æfa fótbolta.

Mjög mikilvægt er að fá heimilin með í þetta verkefni. Uppeldið byrjar heima fyrir og áhugi og stuðningur foreldra skiptir gríðarlega miklu máli. Fara þarf í átak í þessum efnum bæði í félögunum og hjá KSÍ. Stuðningur við iðkun skiptir miklu máli.

Fara þarf í átak til að fjölga kvenkyns þjálfurum. Leiðir eins og að hafa námskeið eingöngu ætlað konum hafa gefið góða raun og mikilvægt að halda því áfram. Einnig þarf að huga

að því að hafa fleiri konur sem kennara á námskeiðunum, konur sem kenna knattspyrnu. Nýta þarf betur þær konur sem nú þegar eru í þjálfun sem fyrirmyndir og gera þær sýnilegri.

Þá þurfa félögin að hafa í huga að það séu sambærilegar kröfur um þjálfaramenntun þegar kemur að þjálfun stúlkna- og drengjaflokka. Með hæfari þjálfurum aukast gæðin og iðkendum fjölgar.

Fjölga þarf kvenkyns dómurum, við erum langt á eftir öðrum þjóðum í þeim efnum. Ekki þýðir að leggja árar í bát og ákveða að þetta sé ekki hægt. Vinnan verður að vera markviss með ákveðin markmið og góða eftirfylgni og utanumhald. Þrátt fyrir að eitthvað hafi verið reynt áður án mikils árangurs þýðir ekki að það sé ómögulegt. Það þarf bara að gera betur. Við náðum að senda dómarakvartett í fyrsta skipti í alþjóðlegan leik í árslok 2020 svo nú er leiðin bara upp á við.



— Þróum leikinn

Verkefni þessa hóps var að skoða stöðuna á vellinum. Eru verkefni nægjanlega krefjandi, er fyrirkomulagið eins og það er í dag á sem bestan hátt til að þróa áfram knattspyrnu kvenna á Íslandi og hvernig erum við að standa okkur í afrekshlutanum? Stöndum við í stað eða erum við að fylgja þeirri framþróun sem verið hefur víða um heim? Knattspyrna kvenna á Íslandi á sér mun lengri og betri sögu en víðast hvar í heiminum, en hér má ekki láta staðar numið. Knattspyrna kvenna þarf að vera í sífelldri endurskoðun, þannig að við höldum stöðu okkar, því að aðrar þjóðir hafa svo sannarlega tekið við sér í þeim efnum. Fjöldinn allur kom að vinnu í þessum vinnuhópi og unnu mismunandi hópar að hverju verkefni fyrir sig. Yfirmaður knattspyrnusviðs KSÍ ásamt þjálfurum kvennalandsliða unnu að

nokkrum þáttum er varða landsliðsmálin, en endurskoðun og breytingar á þeirri starfsemi voru þegar hafnar og verið að ýta í framkvæmd þegar þetta verkefni hófst. Sá hópur sem skoðaði mótamál í 3., 2. og meistaraflokki og möguleikann á varaliðum var skipaður Guðrúnu Ingu Sívertsen fyrrverandi varaformanni KSÍ, Þorsteini Gunnarssyni stjórnarmanni, Margréti Ákadóttur landsliðsnefndarkonu, Hörpu Þorsteinsdóttur fyrrum landsliðskonu úr Stjórnunni, Árna Rúnari Þorvaldssyni úr FH, Ingibjörgu Auði Guðmundsdóttur úr Breiðabliki og Helgu Helgadóttur frá Haukum. Þessi hópur fór skemmtilega leið í sinni nálgun og boðaði til opins vinnufundar um málefnið. Nánar er fjallað um þá vinnu í sér kafla.

Koma á leyfiskerfi

Í upphafi árs 2018 valdi alþjóða knattspyrnusambandið (FIFA) KSÍ úr hópi evrópskra knattspyrnusambanda til að taka þátt í nýju tilraunarverkefni FIFA um knattspyrnu kvenna (Women's football development pilot project 2018). Megináherslan var að undirbúa og kanna landslagið fyrir leyfiskerfi innan knattspyrnu kvenna hér á landi. KSÍ fékk styrk frá FIFA til að fara í þessa vinnu og réð starfsmann tímabundið til að sinna henni.

Það vakti ákveðna athygli að hér á landi hafi ekki neitt slíkt kerfi verið til staðar, sérstaklega í ljósi þess að það hefur verið leyfiskerfi fyrir karlaboltann síðan 2003 í efstu deild og frá 2007 í 1. deild. Þá má finna leyfiskerfi í deildarkeppni knattspyrnu kvenna hjá nágrannaljóðunum Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, ásamt því að aðrar þjóðir Evrópu, t.d. England, Belgía, Eistland, Skotland, Frakkland og Þýskaland hafa þegar sett upp slíkt kerfi eða ígildi þess og þá er það í undirbúningi í Wales. Miðað við hversu framarlega við stöndum hér á landi í knattspyrnu kvenna þá verður það ákveðið framfaraskref að taka upp leyfiskerfi og hefur t.d. í för með sér að öll umgjörð verður betri.

Landslagið á alþjóðavettvangi innan knattspyrnu kvenna hefur jafnframt tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Mikil vakning hefur orðið og auknir fjármunir verið settir í að styrkja eða stofna nýjar deildir, ný félög hafa verið stofnuð og markaðsstarf verið aukið til mikilla muna. Umfang stórmóta landsliða hafa aukist, þá hefur aðsókn á leiki tekið stakkaskiptum sem og umfjöllun fjölmiðla. Á sama tíma

má sjá miklar framfarir leikmanna á knattspyrnuvellinum. Í samræmi við þetta setti UEFA í reglugerð árið 2018 ákveðnar kröfur (tók gildi haustið 2019) sem lið sem taka þátt í Meistaradeild kvenna þurfa að uppfylla. Þau íslensku lið sem taka þátt í keppninni þyrftu alltaf að fara eftir þessum kröfum óháð því hvort að leyfiskerfi hafi verið komið á. Þessar kröfur má sjá í nýlega samþykktu leyfisreglugerð KSÍ.

Fundað var með félögum í efstu deild kvenna og þegar farið var nánar yfir ákveðna þætti leyfiskerfisins þá töldu öll þau félög sem rætt var við að þau myndu fara í gegnum leyfiskerfi kvennamegin miðað við þær kröfur sem gerðar eru í Lengjudeild karla í dag, þ.e. varðandi knattspyrnu, starfsfólk, stjórnunarforsendur og mannvirki. Helstu áhyggjur félaganna koma fram í því að með leyfiskerfi kvennamegin myndi vinna starfsmanna félaganna aukast, sem hafa meira en nóg á sinni könnu nú þegar. Þá var einnig talið að þrátt fyrir að nú sé tiltölulega auðvelt að uppfylla kröfurnar í Lengjudeild karla, þá séu þær mögulega aðeins upphafið að strangari kröfum, líkt og reynslan sýnir. Einnig kostar öll auka vinna fyrir starfsfólk félaga ákveðna fjármuni, það þurfi að borga laun fyrir vinnu starfsfólks en þeir fjármunir sem koma inn fyrir leyfiskerfi karla í dag standi í mörgum tilvikum ekki undir kostnaði við að skila inn gögnum. Málið snúist að miklu leyti um fjármuni og að greiða fyrir vinnu starfsmanna sem eiga í miklum erfiðleikum með að bæta við sig verkefnum.

Í tengslum við fjárhagskröfurnar var ekki gengið út frá því að gerðar yrðu sömu kröfur til karla- og kvennadeilda félaganna. Í umræðum kom fram að fjármagn við rekstur deilda er mjög

misjafnt eftir kynjum og væri því krafa um jákvæða eiginfjárstöðu, líkt og gert er með leyfiskerfi karlamegin, ekki raunhæf. Landslagið sé annað í kvennafótbolta sem stendur, en í alþjóðakvennabolta er einblínt á bættu umgjörð og meiri fagmennsku fremur en sérstakar fjárhagskröfur deilda. Það þyrfti þó alltaf að vera skilyrði, í samræmi við UEFA reglugerðina fyrir Meistaradeild kvenna, að leyfisumsækjandi hafi staðið við sínar skuldbindingar við leikmenn/starfsmenn ásamt því að greiða opinber gjöld sem aðilar voru sammála um að væru eðlilegar kröfur.

Í byrjun september 2018 komu hingað til lands starfsmenn á vegum FIFA til þess að fara yfir verkefnið með starfsmönnum KSÍ, fara í heimsóknir til valinna félaga og halda hér vinnustofu. Í kjölfarið á þeirri vinnustofu var unnið að reglugerð um leyfiskerfi kvenna.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 12. desember 2019 samþykkti stjórn að leggja til við 74. ársþing sambandsins að tekið verði upp leyfiskerfi í efstu deild kvenna frá 2021. Skemmst er frá því að segja að tillaga stjórnar um innleiðingu leyfiskerfis í efstu deild kvenna var samþykkt samróma á ársþinginu.

Skoða mótamál í 3., 2. og meistaraflokki – Skoða varalið /U20 lið

Vinnuhópur var skipaður eftirtöldum aðilum: Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Helgadóttir, Margrét Ákadóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson, Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Guðrún Inga Sívertsen. Vinnuhópurinn skoðaði þessa tvo þætti saman þ.e. skipulag mótamála í eldri flokkum og hugmyndir um varalið.

Vinnuhópurinn hélt fimm vinnufundi en auk þess stóð vinnuhópurinn fyrir opnum fundi í höfuðstöðvum KSÍ. Hér verður farið yfir helstu niðurstöður þeirrar vinnu, þ.e. að skoða mótamál í efri flokkum kvenna sem og hugmyndir um varalið. Vinnuhópurinn tók ákvörðun um að fá fleira fólk að borðinu þar sem málaflokkurinn mótamál kallar á fjölbreytt sjónarmið. Ákvörðun var tekin

að boða til opins fundar. Aðildarfélög voru hvött til að senda fulltrúa sína á fundinn sem gætu verið forsvarsmáður félagsins, þjálfari eða leikmaður. Fundurinn var haldinn 30. október 2019 í höfuðstöðvum KSÍ. Fundurinn var nokkuð vel sóttur en yfir 40 manns tóku þátt. Fundinum var streymt og voru um 20 aðilar á landsbyggðinni sem nýttu sér það.

Á fundinum var notast við „mottuaðferð“ þar sem 5-7 voru saman á borði. Allir fengu hlutverk og tóku virkan þátt. Þátttakendur skrifuðu hugmyndir sínar og skoðanir á blað. Farið var yfir nokkrar hugmyndir sem leiddu til áhugaverðra umræðna. Fundargestir voru sammála því að fundurinn hefði verið góður og gott tækifæri fyrir áhugafólk að koma að borðinu og segja sína skoðanir ásamt því að setjast niður og spjalla um mikilvægi kvennafótboltans.

Eftir fundinn vann vinnuhópurinn úr gögnunum og lagðar voru fram tillögur til umfjöllunar.

Tillögurnar voru eftirfarandi:

- **Lagt var til að breyta fyrirkomulagi 2. flokks og skoða síðar breytingar á 3. flokki. Það voru margar tillögur sem sneru að því að bæta við ári í 3. flokki en vinnuhópurinn var sammála því að þá væri jafnvel verið að fresta vandamálinu sem við stæðum frammi fyrir varðandi 2. flokk, því að í dag er 3. flokkur ekki vandamálið heldur 2. flokkur. Værum við eitthvað betur sett með 2. flokkinn þó að við bættum einu ári við í 3. flokki?**
- **Breyta 2. flokki í U20 eða U21. Með því er verið að reyna að auka virðingu fyrir þessum aldursflokki og var talið að með nafna-breytingu náist það frekar heldur en að tala um varalið þrátt fyrir að hugmyndin að U20/U21 með breyttum reglum sé vísir að varaliðshugmyndum.**
- **Búa til eða breyta reglum um svigrúm í U20/U21 þannig að eldri leikmenn geti spilað með liðinu.**
- **Fjölga og gera meira úr verkefnum U20/U21.**
- **Liðka reglugerðir. Sem dæmi, leikmaður sem ekki leikur meistaraflokksleik getur spilað með U20 í næsta leik.**
- **Skoða mótamál 3. flokks. Hætta með úrslitakeppni.**

Í framhaldi af opna fundinum var boðað til fundar í KSÍ með stjórn og starfsmönnum. Fundurinn var haldinn 10. febrúar 2020 og voru þar kynntar frumniðurstöður vinnuhópsins. Það kom skýrt fram að ekki næðist að búa til nýtt mót fyrir tímabilið 2020 með þessum breytingum sem lagðar voru til í tillögum hópsins þar sem sú breyting þyrfti að fara í gegnum ársþing KSÍ en jafnframt kom fram að stjórn KSÍ getur breytt reglugerðum sem t.d. snúa að hlutgengi leikmanna. Farið var í gegnum tillögurnar og ýmsar hugmyndir ræddar fram og

til baka. Tillögur fundarins vsnerust um hvort vinnuhópurinn ætti að hvetja til þess að rýmka verulega hlutgengisreglur í 2. flokki til eins árs þ.e. að fjölga árum og fjölga eldri leikmönnum. Einnig hvort að rýmka ætti reglur þannig að engar hömlur væru á að spila með meistaraflokki og 2. flokki, þ.e. að ekki þyrfti að sitja hjá í næsta leik 2. flokks. Það er mat vinnuhópsins að til að setja niður endanlega útfærslu á þessum tillögum sé rétt að Knattspyrnusvið sambandsins komi með slíka útfærslu í samræmi við tillögur vinnuhópsins.

Skipulag í 4. flokki – stærð vallar 11 manna bolti

Í heimsóknnum stjórnarmanna árin 2017 og 2018 til félaganna komu fram margar ábendingar um að mörg félög og þjálfarar telja að skrefið á milli 7 manna bolta og 11 manna bolta sé of stórt. Margir iðkendur á þessu aldursbili séu einfaldlega ekki í stakk búnir til að

taka svo stórt skref og þetta hafi jafnvel leitt til brottfalls. Einnig var staðan hjá félögum í dreifbýli sú að jafnvel var ekki nægjanlegur fjöldi iðkenda í félaginu til að hægt væri að halda úti liði með 18 leikmenn í þessum aldursflokki. Knattspyrnusvið sambandsins fór því að leita lausna og á árinu 2020 var í fyrsta skipti boðið upp á Íslandsmót í 4. flokki með 8 manna liðum sem spila á hálfum velli. Helstu ástæður eru (þær eru þær sömu hjá stelpum og strákuðum):

- **80% af leikmönnum 4. flokks eru ekki tilbúnir til að spila á fullum velli. Þetta á bæði við líkamlega og/eða leikfræðilega. Þegar leikmenn hafa ekki hlaupagetu eða styrk til að hlaupa teig í teig þá geta þeir heldur ekki sinnt leikfræðilega þættinum.**
- **Þeir leikmenn sem hafa ekki líkamlegan þroska til að spila á fullum velli snerta boltann mikið sjaldnar í leik. Þegar leikvöllurinn er sniðinn að líkamlegum þroska leikmanns mun leikmaðurinn alltaf komast oftar í návígi/spil og þar af leiðandi vera betur tengdur leiknum.**
- **Þar sem flokkakerfið á Íslandi er tengt tveimur árgöngum er mikilvægt að bjóða upp á leiki/mót sem eru sniðin að þroska hvers leikmanns fyrir sig. Mikill munur getur verið á líkamlegum þroska 13 og 14 ára leikmanna. Líkamlega þroskaður 14 ára leikmaður getur verið með þroska á við fullorðinn einstakling á meðan að óþroskaður 13 ára leikmaður getur haft líkamlegan þroska á við 11 ára barn. Ef að við höldum því fram að allir þessir leikmenn eigi að geta spilað við sömu aðstæður, þá erum við ekki að bjóða öllum leikmönnum aðstæður sem hæfa aldri og þroska, þannig að þeir geti hámarkað sína möguleika.**

Á fundi yfirþjálfara félaganna þann 7. desember 2020, var það álit meirihluta að vel hefði tekist til með mótið og að

þetta fyrirkomulag héldi krökkunum lengur inni og minnkaði brottfall.

Aðstoð við afreksþjálfun í félögum

Afreksstarf í félögunum

Knattspyrnusvið KSÍ leggur áherslu á að félögin styrki sitt afreksstarf, en þó án þess að það bitni á grasrótinni og hlutverki þeirra gagnvart almennu íþróttastarfi barna og unglinga. Afreksstarf er einstakt með sín sérkenni í hverju félagi og mikilvægt er að mótuð sé afreksstefna sem unnið er eftir. Nýta má þætti úr afreksstefnu KSÍ sem fyrirmynd þegar afreksstefna félags er mótuð. Afreksstarf felst einfaldlega í því að sterkustu einstaklingarnir fái bestu mögulega þjálfun á öllum sviðum. Þetta eykur möguleikann á að þessir leikmenn nái að hámarka sína hæfileika í framtíðinni. Afreksstefna félaga er til þess fallin að styrkja stoðir félaganna, m.a. fjárhagslega og þegar horft er til ímyndar og metnaðar í starfi þeirra. Vinna þarf skýrar starfslýsingar fyrir yfirþjálfara yngri flokka og afreksþjálfara. Félögin (í samvinnu við KSÍ) þurfa að styðja þjálfarana í að bæta við sig þjálfaragráðum og að auka þekkingu sína í þjálfunarfræðum. Getuskipta þarf æfingum og bjóða upp á aukaæfingar og setja upp einstaklingsbundnar áætlanir fyrir þá einstaklinga sem skara fram úr. Afreksleikmenn ættu að spila upp fyrir sinn aldursflokk, en leikjaálag þarf jafnframt að vera í jafnvægi við hina einstaklingsbundnu áætlun.

„Þjálfum saman“ er verkefni sem sett var á laggirnar haustið 2019 þar sem félögin og KSÍ vinna saman. KSÍ velur afrekshópa af höfuðborgarsvæðinu (16 útileikmenn og 2 markmenn) og raðar upp mánaðarlegum æfingum fyrir þrjá hópa (15 æfingar samtals). Þjálfarar KSÍ og aðildarfélags funda saman fyrir og eftir æfingu. Æfingarnar eru haldnar hjá aðildarfélögunum og félagið sem heldur æfinguna velur fjóra útileikmenn og einn markmann til viðbótar. Sterkustu leikmennirnir fá þannig fleiri æfingar þar sem allur hraði er meiri (stöðufærslur, sendingar, o.s.frv.). Markmiðið er að þróa verkefnið frekar á næstu árum.

Afreksæfingar á landsbyggðinni

Eitt af markmiðum KSÍ er að auka sýnileika sinn utan höfuðborgarsvæðisins með afreksæfingum, svokölluðum landshlutaæfingum og um leið auka samvinnu, aðstoð og tengingu við aðildarfélög á landsbyggðinni. Landshlutaæfingarnar fjölga æfingum á vegum KSÍ og er ætlunin að þróa þetta verkefni á næstu árum. Í landshlutaæfingum er landinu skipt upp í fimm landshluta (Reykjavík, Vestmannaeyjar, Austurland, Norðurland og Vesturland) og æft reglulega yfir veturinn í hverjum landshluta, auk þess sem afskekktari svæði eru heimsótt sérstaklega. Alls fara fram tæplega 50 æfingar yfir veturinn þar sem 16–20 leikmenn taka þátt.

Skipulag landsliða – fjöldi leikja/æfinga U20</U23

Æfingar yngri landsliða

Veturinn 2019-2020 var aðferðafræðinni við æfingar yngri landsliða KSÍ breytt. Í samvinnu við skólana hóf KSÍ æfingar á virkum dögum. Kostirnir við að æfa á þennan hátt eru meðal annars betri æfingatímar og meiri tími með leikmönnum. Leikmenn eru einnig sjaldnar í burtu frá félögunum og geta spilað leiki með þeim um helgar. Öll umgjörð er eins og best verður á kosið og þjálfarar í fullu starfi hjá KSÍ geta þjálfað meira og betur.

Á teikniborðinu er jafnframt næringarfræðsla, íþróttasálfræði, kennsla eða aðstoð við heimanám á milli æfinga, og endurgjöf til leikmanna með myndbandsupptökum af æfingum.

Fjölgun leikja yngri landsliða

Eitt stærsta verkefni knattspyrnusviðs KSÍ á næstu árum er að fjölga leikjum yngri landsliða KSÍ og koma á laggirnar U21 landsliði kvenna. Landsliðin og

þróun þeirra er hluti af kjarnastarfsemi KSÍ. Yngri landsliðin leggja grunninn að góðum A landsliðum. Til þess að eiga möguleika á að ná árangri og komast á stórmót A landsliða karla og kvenna þarf að fjárfesta í grunnstoðunum. Grunnurinn er alltaf afreksefnin og afreksfólkið. Með fleiri leikjum og faglegri umgjörð aukast líkur okkar á árangri í framtíðinni. Eitt af okkar verkefnum er að koma á fót og viðhalda U21/U23 landsliði kvenna. Vonir stóðu til að UEFA skipulegði keppni frá og með 2022 fyrir U21 eða U23 lið kvenna. Eftir samtöl við hæstráðendur innan knattspyrnu kvenna hjá UEFA er ljóst að dráttur verður á því að þeir skipuleggi mót fyrir þessa aldursflokka en KSÍ stefnir að því að vera tilbúið með landslið þegar til þess kemur.

Landsliðsstiginn

Landsliðsstiginn er vegvísir sem sýnir leið leikmanns frá U15 landsliði og upp í A landslið. Landsliðsmenn þurfa að kynnst umgjörð landsliða, læra á hana og kunna að nota hana til að hámarka frammistöðu sína og auka þannig líkurnar á því að ná að taka öll skrefin sem til þarf upp í A landslið. Landsliðsstiginn er í fjórum þrepum og er þeim lýst hér:

- **Kynna:** Leikmenn kynnst því hvað það er að vera landsliðsmaður og hluti af landsliði og kynnst umgjörðinni, vinnulaginu og gildunum.
- **Læra:** Leikmenn læra að vera landsliðsmenn og hluti af landsliði. Þeir læra á verklagið að nýta umgjörðina, gildin og að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum.

- **Framkvæma:** Leikmenn þekkja hvað það er að vera landsliðsmenn og hluti af landsliði, þekkja umgjörðina, vinnulagið og gildin og nýta þessa þætti til að framkvæma það sem til er ætlast af þeim innan og utan vallar.
- **Frammistæða:** Leikmenn nota þau þrep sem þeir hafa þegar klifið til að sýna hámarksframmistöðu sem landsliðsmenn og hluti af landsliði, og nýta frammistöðuna og þá reynslu sem þeir hafa öðlast til að taka skrefið upp í A landslið.

Í fyrsta skipti í 6 ár var gert ráð fyrir því að KSÍ yrði með verkefni fyrir U23 landslið kvenna en það lið hefur einungis spilað tvo formlega leiki, árin 2012 og 2014. Eftir samræður landsliðsþjálfara var talið að gott væri að byrja á því að hafa hópinn sem U23 til að stækka mengið sem til grundvallar liggur. Einnig var áhugi hjá öðrum samböndum á að spila við okkur æfingaleiki í þessum aldursflokki og greinilegt er að önnur sambönd eru að huga að því að setja á stofn U21 eða U23 landslið. COVID-árið mikla mun hins vegar koma í veg fyrir að hægt verði að spila leik við aðrar þjóðir í ár, en stefnt er að því að landsliðsæfingar verði engu að síður haldnar fyrir hópinn á þessu ári.

KSÍ mun halda áfram á þessari vegferð sinni að setja upp landslið fyrir U21/U23. Það var von sambandsins að UEFA muni setja upp keppni í þessum aldursflokki og mun KSÍ þá geta skipulagt sig í kringum þá keppni. Ljóst er hins vegar að UEFA er ekki með það á stefnu sinni næstu ár að setja á fót keppni fyrir annað hvort U21 eða U23 kvenna. Það er samt mikilvægt að KSÍ haldi áfram að vinna að þessum málaflökki. Það er of stórt bil á milli þess að klára hlutgengi í U19 og til A liðsins. Þær bestu fara oftast beint í A liðið en það eru á hverju ári nokkrar stúlkur sem ekki fá nein verkefni eftir U19 til að halda sér á landsliðsmælikvarða.

Þróum leikinn – samantekt

Árspaning KSÍ hefur nú þegar samþykkt að taka skuli upp leyfiskerfi í Pepsi Max deild kvenna frá árinu 2021. Leyfiskerfi er alls staðar álitid auka fagmennsku og gæði í umgjörð félaganna, en einnig er þetta orðin krafa á þau félög sem taka þátt í Meistaradeildinni. Nú er orðið ljóst að Ísland fær tvö sæti í keppninni árið 2021 og því ljóst að ávallt þurfa tvö lið af þeim tíu sem nú eru í deildinni að uppfylla leyfiskerfisákvæði, og því var gott skref að samþykkja þetta fyrirkomulag á árspaningi KSÍ 2020.

Varðandi fyrirkomulag flokkaskiptinga í 2., 3. og meistaraflokki er lagt til að knattspyrnusvið taki það áfram hvernig þróa megi og breyta keppnisfyrirkomulagi í 2. flokki til að byrja með. Sérstaklega þarf að taka tillit til aukins svigrúms í aldursamsetningu liðsins þannig að eldri leikmenn geti spilað með flokknum, fjölga verkefnum, liðka reglugerðir og skoða mótamál. Í kjölfarið væri hægt að skoða fyrirkomulagið í 3. flokki og jafnvel hætta með úrslitakeppni, en einnig að fjölga verkefnum.

Félögin hvöttu til þess að völlurinn í 4. flokki yrði minnkaður og leikmönnum fækkað, þar sem margir leikmenn hefðu ekki líkamlegan þroska til að leika 11 manna bolta á stórum velli. Það fyrirkomulag var tekið upp sumarið 2020 að 4. flokkur gat teflt fram átta manna liði sem spilar á hálfum velli. Gafst þessi tilraun vel og var talið að með þessum hætti héldust krakkar lengur inni í félögunum.

Aðstoð við afreksstarf í félögunum og aukinn fjöldi afreksæfinga á landsbyggðinni hafa þegar farið í gang undir stjórn knattspyrnusviðs. Þá hefur fyrirkomulag landsliðsæfinga yngri landsliða verið endurskipulagt með auknu tilliti til félaganna þar sem leikmenn geta þá frekar leikið með sínum félögum um helgar. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og mun gera okkur kleift að auka enn gæðin og almenna fræðslu í kringum æfingar.

Árið 2021 verður í fyrsta skipti í mörg ár komið á fót æfingum fyrir U21/U23 landslið kvenna og þarf að fylgja því úr hlaði að það landslið fái pláss í dagskrá KSÍ til framtíðar.



— Styrkjum stjórnun

Þessi liður endurskoðunarinnar snýr að því að skoða hvernig landslagið er í stjórnarháttum í knattspyrnuhreyfingunni. Hreyfingin hefur löngum verið talin afar karllægur heimur þar sem konur hafa ekki í miklum mæli tekið þátt. Nauðsynlegt er að reyna að fá meiri fjölbreytni í stjórnun knattspyrnuhreyfingarinnar og það tekst best með fjölbreytni þeirra sem taka ákvarðanir. Skoðað var hvort að merkja mætti aukningu í þátttöku kvenna í stjórnun og hvað hægt væri að gera til að breyta þessu landslagi. Þátttakendur í þessum hópi voru stjórnarkonurnar

Borghildur Sigurðardóttir og Ragnhildur Skúladóttir ásamt þeim Magnúsi Guðmundssyni frá ÍA, Árna Rúnari Þorvaldssyni frá FH og Evu Halldórsdóttur frá Val. Vinnuhópurinn vann m.a. spurningakönnun sem send var á 117 netföng innan knattspyrnuhreyfingarinnar og fengust svör frá 68 þátttakendum. Vinnuhópurinn leitaði einnig til annarra knattspyrnusambanda sem og tók til skoðunar „Women leadership“ námskeið UEFA og FIFA.

Fjölga konum í stjórnnum og sjálfboðaliðastörfum


Vorið 2020 útbjó vinnuhópurinn könnun til að átta sig betur á stöðu kvenna innan knattspyrnudeilda héraðra félaga. Könnunin var send á netföng framkvæmdastjóra félaga sem eiga lið í Pepsi Max deild karla, póstlista KSÍ vegna Pepsi Max deildar kvenna og netföng framkvæmdastjóra í Lengjudeildum karla og kvenna. Samtals var könnunin send á 117 netföng, en sú tala er þó lítið eitt villandi þar sem að listarnir hafa að geyma bæði almenn netföng og svo persónuleg netföng starfsmanna hjá félögunum. Það er því

erfitt að átta sig á því hversu margir einstaklingar fengu könnunina senda. Það bárust 68 svör við könnuninni sem verður að teljast vel viðunandi og ætti að gefa ágæta vísbendingu um stöðu kvenna hjá knattspyrnudeildum héraðra íþróttafélaga.

Niðurstöðurnar komu meðlimum vinnuhópsins að nokkru leyti ánægjulega á óvart og benda um margt til þess að hlutskipti kvenna á þessum vettvangi sé að batna.

Hlutfall stúlkna sem iðka knattspyrnu í félögunum er í flestum tilvikum yfir 31%, en samtals kváðu 43 af 68 svarendum að sú væri staðan í þeirra félagi, sbr. mynd 6.

Hversu hátt hlutfall iðkenda í þínu félagi eru stúlkur/konur?




Mynd 6. Hlutfall kvenkyns iðkenda í félögum í tveimur efstu deildum karla og kvenna.

Þá var óskað eftir upplýsingum um hlutfall kvenna í stjórnnum og ráðum hjá félögunum. Af þeim 68 sem svörðu

sögðu 22, eða ríflega 32%, að hlutfallið væri yfir 31%, sbr. mynd 7:

Hversu hátt hlutfall kvenna er í ráðum og stjórnun í þínu félagi?




Mynd 7. Hlutfall kvenna í ráðum og stjórnun í félögum í efstu tveimur deildum karla og kvenna.

Enn fremur kom í ljós að yfir helmingur félaganna, eða 37 félög, hafa sett sér

markmið um að fjölga konum sem starfa fyrir viðkomandi félög, sbr. mynd 8.

Hefur þitt félag sett sér markmið um að fjölga konum sem starfa fyrir félagið?




Mynd 8. Hlutfall félaga með markmið um að fjölga konum í störfum fyrir félagið.

Það vekur að vísu athygli að af þeim 68 sem svöruðu þekkti fjórðungur þeirra, eða 17 svarendur, ekki hvort félagið þeirra hefði sett sér slíkt markmið og því kann að vera að fleiri félög hafi sett markmið um að fjölga konum sem starfa fyrir félagið.

Hvað sem slíkri markmiðasetningu líður, þá lítur í öllu falli út fyrir að félögunum gangi bærilega að fjölga konum í stjórnnum og ráðum félaganna því aðspurðir kváðu 68% svarenda að þeirra félögum hefði tekist að fjölga konum í stjórnnum og ráðum hjá sér, sbr. mynd 9.

Hefur konum fjölgað í stjórnnum og ráðum í þínu knattspyrnufélagi undanfarin ár?



Mynd 9. Hlutfall félaga þar sem konum hefur fjölgað í stjórnnum.

Af framangreindu virðist óhætt að draga þá ályktun að fjöldi kvenna sem eiga sæti í stjórnnum og ráðum knattspyrnufélaganna sé að aukast. Þá benda svör um iðkendafjölda til þess að stelpur séu vaxandi hópur iðkenda hjá félögunum. Þetta staðfesta upplýsingar úr tölfræðigrunni íþróttahreyfingarinnar (sjá mynd 1).

En betur má ef duga skal. Af því tilefni má nefna að í könnuninni var spurt að því hvað félögin hefðu gert til að fjölga konum í stjórnnum og ráðum hjá sér. Samtals bárust 46 svör við spurningunni sem mörg hver gætu nýst öðrum félögum sem hyggja á landvinninga á

þessu sviði. Sem dæmi um þetta þá nefndu svarendur að mikilvægt væri að hafa vinnuálag ekki of mikið og margir nefndu að félög þeirra hefðu leitað markvisst til kvenna, svo sem leikmanna sem lagt hafa skóna á hilluna eða mæðra iðkenda í félögunum. Nokkuð var þó um að svarendur nefndu það sem vandamál í þessu samhengi að þær konur sem leitað væri til skorti áhuga á að taka þátt í starfinu.

Þá var að lokum óskað eftir því að svarendur gæfu kollegum í öðrum félögum ráð með hvernig hægt væri að fjölga konum í stjórnnum og ráðum. Þar komu fram margar áhugaverðar

ábendingar svo sem um mikilvægi þess að bæta þjónustu skrifstofu félaganna við stjórnir og ráð til að minnka álag á sjálfbóðaliðum og með sama hætti að afmarka vel þau verkefni sem sjálfbóðaliðum er ætlað að sinna. Þá var getið um mikilvægi þess að setja það á stefnuskrá félaganna að fjölga konum á þessum vettvangi og leggja metnað í að hafa sérstaklega samband við konur sem kunni að hafa áhuga á setu í stjórnnum og ráðum. Enn fremur var nefnt að fjölgun kvenþjálfara virðist hafa jákvæð áhrif á þátttöku kvenna í störfum í kringum félögin, einkum í kringum yngri flokka stúlkna.

Niðurstöður þessarar könnunar gefa það til kynna að ef félög eru að vinna markvisst í því að fá konur inn í starfið þá gangi það betur. Einnig er þetta langhlaup sem þarf að halda á lofti. Gott er að fá konur sem fyrst inn í starfið í afmörkuð verkefni þegar börn þeirra hefja æfingar hjá félagi, þá finnst þeim þær frekar partur af samfélagi. Vinnuhópurinn vill því skora á stjórnir féлага að setja sér markmið í því að fjölga konum í ákvarðanatökum innan félaganna og setja ákveðin viðmið í því tilliti um fjölda eða % innan ákveðins árafjölda. Ef allir leggjast á eitt mun þetta hafast.

KSÍ skoðar % hlutfall í nefndum – spurning um kvóta

Ísland hefur almennt komið vel út í alþjóðlegum mælingum á stöðu kynjanna en þó er langt í land á ýmsum sviðum. Í knattspyrnunni er t.a.m. margt ógert til að jafna hlut kynjanna. Þannig má sem dæmi nefna að fáar konur sitja í stjórnnum og nefndum KSÍ og aðildarfélaganna og mun færri stúlkur stunda knattspyrnu en drengir. Þá er aðsókn á knattspyrnuleiki mun minni hjá konum en körlum.

KSÍ hefur mikilvægu hlutverki að gegna til að jafna hlut kynjanna þegar kemur að knattspyrnu. Telur vinnuhópurinn mikilvægt að sambandið hafi forystu í þessum málum og sé aðildarfélögunum góð fyrirmynd enda best að byrja í garðinum heima.

Á ársþingi KSÍ í febrúar 2008 var samþykkt jafnréttisstefna sambandsins (<https://www.ksi.is/um-ksi/log-og-reglugerdir/jafnrettisaaetlun-ksi/>). Áætluninni var ætlað að gefa tóninn fyrir íslenska knattspyrnu í jafnréttismálum. Markmiðið með stefnunni var að tryggja jafna möguleika karla og kvenna til knattspyrnuíðkunar á Íslandi og voru talin upp nokkur átaksverkefni, s.s. að skipaður væri sérstakur jafnréttisfulltrúi KSÍ, að haldin væri sérstök jafnréttisumferð í efstu deild karla og kvenna og að haldinn yrði dagur knattspyrnu kvenna. Einnig var í stefnunni að finna áform um að fjölga konum í stjórnnum knattspyrnuféлага með markvissri leiðtogafræðslu og að veitt yrði sérstök jafnréttisviðurkenning á ársþingi KSÍ.

Þrátt fyrir góð áform KSÍ fyrir 12 árum og að talsvert hafi áunnist er enn þó nokkuð í land til að ná jafnvægi á milli kynja og víða eru tækifæri. Konur eru í miklum minnihluta í nefndum og stjórnnum KSÍ, kvenkyns þingfulltrúar á ársþingum eru

mjög fáir og mikil sóknarfæri liggja í fjölgun kvenkyns dómara og þjálfara.

Til þess að styðja við starf vinnuhópsins, flýta fyrir mikilvægri þróun í jafnréttismálum og vera til fyrirmyndar er mikilvægt að KSÍ taki skýr og táknað skref til að jafna hlut kynjanna í knattspyrnu á Íslandi. Vinnuhópurinn lagði því til að stjórn KSÍ kynnti á ársþingi sambandsins þann 22. febrúar 2020 ákvörðun sína um að hlutfall kvenna verði a.m.k. 30% í stjórnnum og

nefndum KSÍ innan tveggja ára. Þessi tillaga vinnuhópsins var samþykkt á stjórnarfundum þann 12. febrúar 2020.

Í meðfylgjandi töflu má sjá aukningu kvenna í þátttöku í stjórnnum og nefndum. Athygli vekur að þær nefndir sem hvað stýst eru komnar í þessari þróun eru landsliðsnefndir karla og stjórn þ.e. varamenn og landshlutafultrúar, en engar konur eru hluti af því starfi.

Tafla 1. Hlutfall kvenna í stjórn og nefndum á vegum KSÍ.


	Hlutfall KVK		
	2019	2020	Breyting
Stjórn (aðalmenn)	20%	20%	0%
Stjórn (landshlutafultrúar)	0%	0%	0%
Stjórn (varamenn)	0%	0%	0%
Aga- og úrskurðarnefnd	25%	25%	0%
Dómaranefnd	13%	14%	2%
Fjárhags- og endurskoðunarnefnd	25%	25%	0%
Fræðslu- og útbreiðslunefnd	20%	33%	13%
Heilbrigðisnefnd	33%	33%	0%
Kjörinn endurskoðandi	100%	100%	0%
Kjörnefnd	0%	33%	33%
Laga- og leikreglnanefnd	0%	25%	25%
Landsliðsnefnd KK	0%	0%	0%
Landsliðsnefnd KVK (A og U21)	80%	80%	0%
Landsliðsnefnd U21 KK	20%	20%	0%
Leyfisdómur KSÍ	40%	25%	-15%
Leyfisráð KSÍ	0%	20%	20%
Mannvirkjanefnd	14%	25%	11%
Mótanefnd	0%	14%	14%
Samninga- og félagaskiptanefnd (aðalmenn)	0%	0%	0%
Samninga- og félagaskiptanefnd (varamenn)	33%	33%	0%
Siðanefnd (aðalmenn)	33%	33%	0%

Siðanefnd (varamenn)	67%	75%	8%
Starfshópur um útbreiðslumál	0%	17%	17%
Unglinganefnd KK (U19 og U17)	0%	0%	0%
Unglinganefnd KVK (U19 og U17)	33%	43%	10%
Samtals	19%	25%	6%

Í töflu 1. má sjá að frá því að stjórn sambandsins ákvað að setja kynjakvóta á nefndir hefur hlutfall kvenna aukist

um 6% og eru árið 2020 25% allra nefndarmanna konur.

Fjöldi kvenna sem þingfulltrúar á ársþingum KSÍ



Mynd 10. Hlutfall kvenkyns þingfulltrúa á ársþingum KSÍ síðastliðin 6 ár.

Metfjöldi kvenna var skráður sem þingfulltrúar á 74. ársþingi KSÍ sem er virkilega ánægjulegt og eru þær tvær konur sem sitja í stjórn sambandsins

ekki með í þessum tölum frá 2019, þar sem stjórnarmenn eru ekki lengur þingfulltrúar.

Leiðtoganámskeið eða fræðsla

Bæði UEFA og FIFA standa fyrir sérstökum námskeiðum sem ætluð eru til að efla konur í stjórnun innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Námskeiðin eru vikulöng þar sem farið er yfir ýmsa þá þætti sem taldir eru geta eftl konur við stjórnun og ákvarðanatöku innan knattspyrnunnar. Unnið er í hópum, skipst á skoðunum og fengnar reynslusögur annarra kvenna. Einnig fær hver þátttakandi leiðbeinanda sem starfar innan hreyfingarinnar. Leiðbeinandinn vinnur með þátttakanda í eitt ár og er til stuðnings fyrir viðkomandi. Tiltekið er hver er lágmarksfjöldi samskipta þeirra á milli til að tryggja að fylgst sé með þróun viðkomandi. Þátttakendur geta leitað til leiðbeinandans með margvísleg úrlausnarefni sem þeir mæta í vinnu sinni innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Markmið námskeiðanna er ekki síst að gefa konum tækifæri til að efla tengslanetið sitt innan hreyfingarinnar.

Fjöldi knattspyrnusambanda hafa tekið upp minni útgáfu af þessum námskeiðum til að auka þátttöku kvenna

innan hreyfingarinnar. Írar sem dæmi eru með námskeið sem skiptist á þrjár helgar í nóvember, mars og maí og er konum að kostnaðarlausu. Sérstök áhersla er á þætti eins og að stjórna sjálfum sér og öðrum, breytingastjórnun, ákvarðanatöku, hvernig skal hafa áhrif, hvernig er best að taka á átökum og áhrifarík samskipti. Kennarar á þessum námskeiðum eru konur úr knattspyrnuhreyfingunni sem og aðilar úr háskólaumhverfinu á Írlandi. Á fyrsta námskeiðinu voru ekki sérstakir leiðbeinendur sem voru í sambandi við þátttakendur eftir námskeiðið en því verður breytt enda það talið einn af hornsteinunum í þessu námskeiði.

Vinnuhópurinn leggur til að tekið verði upp námskeið af þessu tagi hér á landi á haustmánuðum 2021. Á Íslandi eru margar konur sem gætu verið leiðbeinendur fyrir aðrar þannig að til verði tengslanet sem konur hefur vantað innan okkar karllægu hreyfingar. Vinnuhópurinn telur að þátttaka í svona námskeiði geti gert þeim konum sem áhuga hafa á að starfa innan aðildarféлага hreyfingarinnar auðveldara fyrir, eftl sjálfstraust þeirra þannig að þær verði frekar tilbúnar til að bjóða sig fram í störf eða stjórnir innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

Styrkjum stjórnun – samantekt

Því miður er erfitt að fá nákvæmar upplýsingar um það hversu margar konur eru þátttakendur í stjórnun og ráðum knattspyrnufélaga á Íslandi. Hvergi er til gagnagrunnur þar sem hægt er að leita að þess konar upplýsingum og því miður hafa verið brögð að því að félög upplýsi ekki um breytingar á stjórnarfólki sínu, hvorki til KSÍ né að upplýsingarnar séu aðgengilegar á heimasíðum félaganna. Skoðanakönnun leiddi hins vegar í ljós að flest félög töldu að hlutfall kvenna hefði aukist í gegnum árin, en betur má ef duga skal. Komu fram ýmsar ábendingar um hvað hægt væri að gera til að fjölga konum í stjórnun. Skynsamlegt væri að stjórnir félaga settu

sér markmið til nokkurra ára um að jafna kynjahlutfall í stjórnun og nefndum og þessum markmiðum fylgt eftir.

Vinnuhópurinn lagði til við stjórn KSÍ að sett yrðu markmið til tveggja ára um að fjölga konum í nefndum sambandsins. Sú tillaga var samþykkt í febrúar 2020 og leiddi strax til þess að hlutfall kvenna jókst í 25% þátttakenda í nefndum. Stefnir sambandið að því að vera búið að ná 33% að lágmarki á árinu 2021.

Vinnuhópurinn leggur einnig mikla áherslu á að KSÍ setji upp leiðtoganámskeið fyrir konur í knattspyrnuheiminum eigi síðar en á hausmánuðum 2021. Auðvelt væri að nota fyrirmyndir úr knattspyrnu- eða íþróttahreyfingunni eins og knattspyrnusambönd erlendis hafa gert.



Breytum ímyndinni – aukum sýnileika

KSI



— Breytum ímyndinni – aukum sýnileika

Þessi vinnuhópur skoðaði ytri áhrif knattspyrnu kvenna. Lengi hefur verið ritað og rætt um að knattspyrna kvenna eigi ekki inn á pallborðið hjá almenningi og hefur umfjöllun um hana verið lítil sem engin. Það skal þó tekið strax fram að hér á Íslandi hafa orðið stórstígar breytingar í þeim efnum undanfarin ár og erum við mun betur sett en margar aðrar þjóðir. Einnig skoðaði vinnuhópurinn hvernig umfjöllun í fjölmiðlum væri háttáð og hvort væru einhverjar venjur í umfjöllun sem halla á kvenkynið. Vinnuhópurinn átti einnig að taka til skoðunar hvernig hægt væri að auka aðsókn á leiki og hvernig mögulega væri hægt að markaðssetja þessa afurð svo að aðildarfélögin gætu haft meiri tekjur, en löngum hefur verið rætt um að knattspyrna kvenna sé eingöngu fjárhagslegur baggi á félögunum. Því miður sátu þessir þættir eftir í endurskoðuninni vegna COVID-ástandsins í samfélaginu.

Gríðarlegar takmarkanir og jafnvel bönn á áhorfendur gerðu það að verkum að þessi vinna fór aldrei almennilega í gang eins og til stóð. Vinnuhópurinn skoðaði einnig svokallað *Women legend* verkefni sem UEFA og FIFA eru með og hvort rétt væri að knattspyrnusambandið tæki slíkt upp en góðar fyrirmyndir eru nauðsynlegar fyrir alla. Í hópnum sátu stjórnarfélagið Borghildur Sigurðardóttir og Þorsteinn Gunnarsson ásamt Stefáni Gunnarssyni starfsmanni KSÍ, aðrir aðilar voru fjölmiðlakonurnar Kristjana Arnarsdóttir og Mist Rúnarsdóttir ásamt Sigurði Hlíðari Rúnarssyni frá Breiðabliki og Einari Karli Þórhallssyni frá Selfossi.

Vinnuhópurinn leitaði einnig til kynjafræðinnar innan Háskóla Íslands þar sem fjórir nemendur í *Hagnýting jafnréttisfræða: Kyn og margbreytileiki í fjölmiðlum* skoðuðu nokkrar mismunandi birtingarmyndir í fjölmiðlum/samfélagsmiðlum og fræðsluefni.

Meiri umfjöllun í fjölmiðlum

Það er margrætt að umfjöllum um knattspyrnu kvenna í fjölmiðlum er mun minni en um knattspyrnu karla. Áður en farið er í að skoða hvernig sú þróun hefur verið undanfarin ár þá var ákveðið að skoða í hvernig birtingarformi umfjöllun og fræðsluefni sambandsins væri, þ.e. hallar á annað kynið eða eru einhverjar aðrar gryfjur sem þarf að skoða? Fjórir nemendur í Hagnýtingu jafnréttisfræða við HÍ gerðu ritgerðir um þennan málaflokk. Sóley Guðmundsdóttir skoðaði verkefnið – Fréttir á vefsíðu KSÍ. Freyr Bjarnason greindi fræðsluefni á vefsíðu KSÍ, yfir ákveðið tímabil út frá sjónarmiðum kynja- og margbreytileika. Óli Valur Pétursson skoðaði sýnileika knattspyrnu kvenna í sjónvarpi og Aron Guðmundsson skoðaði foreldrabækling KSÍ út frá kerfisbundinni jafnréttisúttekt. Allar voru ritgerðirnar upplýsandi fyrir KSÍ og sendum við þessum nemendum okkar bestu þakkir fyrir þeirra aðstoð.

Það var samdóma niðurstaða úr ritgerðunum að fréttæfni, fréttaskrif og fræðsluefni væri vel unnið hjá KSÍ með tilliti til kynjajafnréttis og að ekki hallaði á annað kynið í t.d. fjölda greina. Þó eru einstaka atriði sem bent var á að betur mætti fara. Við fréttaskrif er nánast alltaf sérstaklega bent á ef um er að ræða knattspyrnu kvenna. Sem dæmi má taka að fyrirsagnir segja frá hlutum þar sem ekki er tiltekið að umrædd frétt sé um knattspyrnu karla heldur bara knattspyrnu og gert ráð fyrir að allir viti að þar sé rætt um karlmenn, en sérstaklega tekið fram ef greinin fjallar um konur. Sem dæmi má nefna: „Tveir síðustu leikir Fjölnis færðir inn í Egilshöllina“ (gert ráð fyrir að allir viti að

þetta eigi við um karlaliðið) og „Leik Vals og Breiðabliks í Pepsi Max deild kvenna breytt“ hér er tilgreint að þetta séu konur. Ásýndin gæti virst sú að til sé ein knattspyrna og svo knattspyrna kvenna. Myndaval KSÍ með fréttum er einnig talið mjög gott og sambandið passar að hafa myndir af konum sýnilegar og standa sig t.d. mun betur en UEFA. Þó var bent á að gott væri að passa upp á að myndefni endurspegladi fréttir betur, sem dæmi þá fylgdi mynd af þremur karlkyns þjálfurum frétt af vali á unglingslandslíði kvenna. Þá var myndefni með fræðslustarfi og dómaramálum frekar karllægt, þar mætti gæta betur að því að höfða til kvenna t.d. þegar dómara- eða þjálfaranámskeið eru auglýst. Það er skiljanlegt að úrval af myndefni er takmarkaðra þar sem mun færri þjálfarar og dómara eru konur en huga þarf þó að því að ásýndin höfði betur til beggja kynja. Jafnframt var KSÍ hvatt til meiri umfjöllunar um alla minnihlutahópa en lítið er um fréttaskrif eða greinar um þá hópa. Sem dæmi um þetta var að þessi málefni fengu eingöngu umfjöllun innan stjórnar undir liðnum önnur mál á dagskrá stjórnarfunda. KSÍ þarf einnig að huga að því að brjóta upp þessar dæmigerðu staðalímyndir í fræðsluefni sínu eins og að karlinn sé að öskra á hliðarlínunni á meðan að konan reynir að róa hann. Hugan þurfi að ásjónu einnig með tilliti til annarra minnihlutahópa.

Eins og hér hefur verið bent á passar KSÍ upp á óhlutdrægni en með því að setja upp skriflegt verklag í jafnréttisstefnu sambandsins væri ferlið sýnilegt og til reglulegrar endurskoðunar. Í verklagi um fréttaskrif skal vera kafli um jafnrétti kynjanna í skrifum. Hægt er að líta á nafngreiningar, orðalag, myndaval, birtingarmyndir kynjanna og hvaða skilaboð fréttin er að senda.

Einnig var bent á að jafnréttisstefna sambandsins væri löngu úrelt en hún var samþykkt árið 2008. Aðgerðaráætlun þeirri sem fylgdi jafnréttisstefnunni hefur ekki verið fylgt eftir og úr því

þarf að bæta. Verið er að klára nýja jafnréttisstefnu og þar er brýnt að greina sérstaklega frá birtingarmyndum í fræðslu og innan fjölmiðla.

Hver er staðan í fjölmiðlum?

Það er samdóma álit þeirra sem koma að knattspyrnu að mikil aukning hafi átt sér stað í umfjöllun og sýnileika knattspyrnu kvenna í fjölmiðlum á Íslandi undanfarin 2 ár. RÚV er gott dæmi um það en stofnunin fékk Edduverðlaunin fyrir HM stofuna sem sett var upp vegna HM kvenna í Frakklandi 2019. RÚV setti sér það einfalda markmið að gera mótinu jafn hátt undir höfði og gert hafði verið við HM karla enda telur stofnunin sig vera komin á þann stað að gera eins fyrir kvenna- og karlaíþróttir.

Eins og allir muna var mótið hin mesta skemmtun og áhorf á leiki meira en nokkurn tíma áður. Skemmtilegir leikir

og gæði leikmanna opnuðu augu almennings fyrir því að knattspyrna kvenna er hin mesta skemmtun. Margar stjórnur urðu til og mótið skapaði líka nauðsynlegar fyrirmyndir fyrir unga kvenniðkendur sem geta látið sig dreyma stóra drauma er kemur að knattspyrnu.

Áhorf á útsendingar hér á landi var frábært og má meðal annars nefna að 64 þúsund manns sáu að meðaltali undanúrslitaleikina á mótinu og 48 þúsund manns horfðu á úrslitaleikinn, sem var um 96,2% hlutfall þeirra sem voru að horfa á sjónvarp á þeim tíma. Rúmlega 18 þúsund manns horfðu að meðaltali á leikina frá átta liða úrslitum.

Í þakkarræðu Íþróttastjóra RÚV, Hilmars Björnssonar, vegna verðlaunanna sagði hann m.a.;

„Íþróttahæimurinn er og hefur alltaf verið karllægur. Í stjórnnum sérsambanda um allan heim eru það oft karlar sem taka stóru ákvarðanirnar, hvert peningarnir fara og hvernig umfjöllun er háttað. Sem betur fer er þetta að breytast en það gerist hægt. Það er enn nokkuð í land að fullu jafnrétti sé náð í íþróttum, umfjöllun og mönnun.“

„Hlutfallið í beinum útsendingum hjá RÚV árið 2019 var 45% konur og 55% karlar. Aldrei áður hefur verið eins mjótt á mununum. Hvort sem það er Skólahreysti, Íslandsmótið í fimleikum, bikarúrslit boltagreina eða Ólympíuleikarnir þá er það okkar stefna að jafna hlutfall kvenna og karla í beinum útsendingum.“

„Í allri umfjöllun um íþróttir er líka afar þýðingarmikið að vinnuhópurinn sem leggur línur um nálgun og efnistöð sé kynjablandaður. Við erum svo heppin á íþróttadeild RÚV að njóta krafta sterkra, ólíkra og afgerandi

radda sem fá að njóta sín. Til marks um það að aukning hafi átt sér stað í umfjöllun um knattspyrnu kvenna hefur RÚV einnig aukið til muna fjölda kveníþróttufréttamanna hjá sér úr 10% í 50% á síðustu 4 árum."

„Við viljum sjá fleiri konur í stjórnnum íþróttafélaga, fleiri kvenþjálfara, fleiri kvendómara og ekki síst fleiri áhorfendur á leikjum kvenna. Við viljum sjá aukningu hjá kveníðkendum og skapa fyrirmyndir. Þessi verðlaun eru okkur hvatning til að gera enn betur og það ætlum við að gera"

- Hilmar Björnsson íþróttastjóri RÚV Facebook

Það er ljóst á þessum orðum Íþróttastjóra RÚV að stofnunin er á góðum stað þegar kemur að jafnréttismálum hvort heldur er í umfjöllun eða sýnileika.

Þegar skoðaðar eru upplýsingar frá Stöð 2 Sport og Vísi sést einnig vel að mikil aukning hefur orðið hjá þeim í umfjöllun um knattspyrnu kvenna. Hafa þau haldið úti markabætti frá árinu 2016 þar sem umfjöllun hefur verið um hverja umferð í Pepsi Max deildinni. Þættirnir í ár höfðu fasta sýningartíma, sem auðveldaði áhorfendum að stilla inn á þá. Ekki eru til upplýsingar um áhorf á þættina en verulega góður rómur hefur verið gerður að nýrri uppstillingu og er þátturinn kominn inn í almenna umræðu áhugafólks um knattspyrnu kvenna. Beinar útsendingar jukust um 53% á milli áráanna 2019 og 2020 í Pepsi Max deildinni og um 20% í Mjólkurbikarkeppninni. Þetta eru athyglisverðar tölur sérstaklega í ljósi þess að mótin voru ekki spiluð til enda í ár vegna COVID.

Hlutfall þeirra sem horfðu á beinar útsendingar hækkaði um 105% milli áráanna 2018 og 2019 í Pepsi Max deildinni og um 42% þegar Mjólkurbikarkeppnin er skoðuð milli sömu ára. Áhorf á beinar útsendingar frá Pepsi Max deild kvenna jókst um 49% á milli áráanna 2019 og 2020 og helst í

hendur við það að aukið framboð auki eftirspurn.

Ef litið er til textalýsinga var aukning á framboði textalýsinga í Pepsi Max deildinni á milli áráanna 2018 og 2019 100% og aukningin frá 2019 til 2020 um 52%, en boðið var upp á 76 textalýsingar frá leikjum.

Einnig var tekið upp á þeirri nýjung á árinu að streyma beint frá leikjum í Pepsi Max deildinni á Vísi. Þessi tilraun var gerð vegna þeirra takmarkana sem settar voru á fjölda áhorfenda og tókst tilraunin vel og gerði það að verkum að hægt var að sýna frá fleiri leikjum í hverri umferð en hingað til hefur verið gert, en um 20 leikjum var streymt á Vísi.

Á fotbolti.net fást þær upplýsingar að fjöldi greina sem sérlega er flaggað um kvennafótbolta hefur aukist. Á milli áráanna 2018 og 2019 fjölgaði greinunum um 338 eða 26%. Einnig jókst fjöldi textalýsinga á milli þessara ára um 35%. Þegar skoðaðar eru tölur milli áráanna 2019 og 2020 eru þær lægri en árið 2019 en hærra en árið 2018. Einu ástæðu þess má rekja til COVID-19 ástandsins sem gerði það að verkum að Íslandsmót og bikarkeppni voru ekki kláruð og að mótin voru sífellt að stoppa. Einnig voru leikir kvennalandsliðsins mun færri en þeir áttu að vera og því mun minni umfjöllun um það en venja er, sem hefði snarbreytt

tölum fyrir árið 2020. Það ánægjulega er að um 1.700 manns að meðaltali lesa hverja grein sem merkt er knattspyrnu kvenna og sá ánægjulegi atburður gerðist í sumar að þrjár af fjórum mest lesnu fréttum tiltekins dags á fotbolti. net voru allar af kvennalandsliðinu vikuna eftir heimaleikinn á móti Svíum í september og þá viku voru 6 af 10 mest lesnu fréttum vikunnar um kvennalandsliðsleikinn.

Heimavöllurinn er fyrsti íslenski hlaðvarpsþátturinn sem fjallar eingöngu um knattspyrnu kvenna. Þátturinn fékk strax mikinn meðbyr og hlustun hefur verið góð í samanburði við aðra hlaðvarpsþætti sem fjalla um knattspyrnu. Mest hafa talist rúmlega 12.000 hlustanir á þátt og aldrei færri en 4.000.

Árið 2018 komu út þrjú þættir og meðalhlustun var 9.500 manns. Árinu seinna fjölgaði þáttunum í 24 og hlustunin hélst sú sama. Árið 2020 voru þættirnir hins vegar færri enda mótið ekki eins langt og því minnkaði heldur það efni sem áætlað hafði verið. Hlustunin þetta árið dalaði lítillega og má ástæðu þess einkum rekja til þess að mun fleiri hlaðvarpsþættir eru nú farnir að veita knattspyrnu kvenna gaum og umfjöllunin orðin dýpri og farin að teygja sig í meira mæli erlendis og til neðri

deilda. Einnig hefur utanumhald um tölfræðiupplýsingar orðið erfiðara eftir því sem hægt er að hlusta á þættina á fleiri og mismunandi veitum.

Auk þess að halda úti hlaðvarpsþætti er Heimavöllurinn á Instagram. Fyrsta sólarhringinn sem Instagram-síðan fór í loftið (7. nóvember 2018) fékk hún um 700 fylgjendur. Þeim hefur fjölgað jafnt og þétt og eru í dag tæplega 4.500. Þegar mest lætur skoða um 2.700 „story“ hjá Heimavellinum og „Profile views“ eða smellir beint á Instagram-síðuna eru um 3.000 vikulega (þau sem leita sérstaklega að síðunni í stað þess að sjá efni á fréttaveitunni sinni). Þessar tölur eru hæstar þegar mest er um að vera t.d. landsleikir og stórleikir í efstu deild.

Hjá MBL fást þær upplýsingar að á árunum 2017-2020 hafi rúmlega 4,7 milljón smellir verið á fréttir sem merktar eru knattspyrnu kvenna. Hjá þeim kemur í ljós sama COVID-19 ástand og hjá öðrum fjölmiðlum að árið 2020 er ekki marktækt, en fjöldi skrifaðra fréttu um knattspyrnu kvenna jókst um 55% á árunum 2017-2019 og fjöldi textalýsinga um 95% sömu ár. Aukning í „smellum“ á fréttir jókst um 47% á milli árána 2018-2019.

Betri aðsókn á leiki

Þessi þáttur er því miður sá þáttur sem sat á hakanum í þessari heildarendurskoðun. Búið var að mynda starfshóp sem átti að vinna að málinu

og voru margar flottar hugmyndir komnar á borðið. Meðal annars má nefna að Ölgerðin ætlaði í sérstakt kynningarátak fyrir Pepsi Max deild kvenna sem hefði verið algjörlega til fyrirmyndar og lyft deildinni og kynningu á henni á hærra plan. En við bjuggum því miður við fordæmalausa tíma og áhorfendur ýmist bannaðir eða verulega

takmarkaðir á leikjum sumarsins. Einnig frestaðist herferð Ölgerðarinnar vegna sóttkvía og samkomutakmarkana sem komu í veg fyrir að hægt væri að framleiða efni tímanlega fyrir sumarið. Því voru þessum vinnuhópi verulegar skorður settar í sumar. Málið mun þó

ekki falla niður og ætlar Markaðssvið KSÍ að taka upp þetta verkefni í samvinnu við ÍTF og halda því á lofti ásamt almennri markaðssetningu knattspyrnu kvenna eins og fjallað verður um síðar í skýrslunni.

Women legend verkefnið

Góðar fyrirmyndir eru gulls ígildi þegar skapa á áhuga og umgjörð fyrir eitthvað. Það hefur lengi loðað við hér á landi að það koma upp fyrirmyndir t.d. í landsliðum eða félagsliðum á meðan konur eru á hátindi ferils síns en svo þegar þær hætta að keppa þá í raun

hverfa þær af sjónarsviðinu og taka engan þátt í íþróttinni lengur. Þessu þarf að breyta og til að stúlkur hafi sterkar fyrirmyndir þarf KSÍ að gera það á skipulegan og skilvirkan hátt.

UEFA sem dæmi er með verkefni í gangi sem þeir kalla Ambassadorial program. Verkefninu er skipt í þrennt. Þessi atriði eru góð viðmið fyrir hvað er hægt að gera.

- **Competition promotion** Hér væri hægt að horfa á þau mót, keppnir og verkefni sem íslensku liðin taka þátt í og hvernig hægt væri að yta undir áhuga t.d. með aukinni mætingu á völlinn o.fl.
- **Football development** Þessi þáttur snýr að grasrótinni, þjálfaranámskeiðum, MIP þjálfaramenntun (<https://uefaacademy.com/mip/>), almennu kynningarstarfi fyrir yngri flokka o.fl.
- **Charity** Þessi þáttur snýr að samfélaginu og aukinni vitund er varðar náungakærleik og mikilvægi þess.

KSÍ gæti sett upp svona verkefni þannig að unnið væri með markvissum hætti að auknum sýnileika kvenna í knattspyrnu.

Í samtali við UEFA kom fram að það hefði aldrei verið vandamál að fá fyrrverandi leikmenn til að taka þátt í

markaðsstarfinu þeirra. Margir halda hins vegar að það sé aðeins hægt að gera tvennt; þjálfar og verða sérfræðingar í sjónvarpi en sýnileikinn þarf að vera á mun fleiri stöðum og vera markviss.

Fari KSÍ í þá vinnu að búa til „legend programme“ skiptir máli að búa til langtímasamband við leikmenn. Þá er fjárfest í þeirra ímynd og það þarf því að vera skilningur beggja aðila á þessu tvíhliða sambandi. Það er mikilvægt að hólfa niður þessar hugmyndir og velja hvaða leikmaður/ambassador fellur undir hvaða flokk (competition promotion, football development, charity) því hvert og eitt atriði er ólíkt og markaðsstarfið í kringum það sömuleiðis. Einhver leikmaður gæti haft mikinn áhuga á að fjölga áhorfendum á landsleikjum, annar gæti haft áhuga á því að vinna í kringum fótboltann í sjónvarpi og þriðji vill mögulega fara í einhverja greiningarvinnu fyrir KSÍ og koma að borðinu þegar ákvarðanir eru teknar. Verði hægt að komast að því hvaða vegferð leikmaðurinn vill fara í með KSÍ eru mun meiri líkur á því að sambandið vari til lengri tíma.

Mikilvægt er að velja réttu einstaklingana (prófilana) sem sendiherra (ambassadora) með góðum fyrirvara. Láta leikmenn vita, á meðan á ferlinum stendur, að áhugi sé fyrir frekara samstarfi eftir ferilinn. Einnig að kanna snemma hvort áhugi sé til staðar svo ekki sé verið að eyða tíma í leikmann sem vill leita á önnur mið. Hafi leikmaður ekki áhuga á því að taka þátt í að vera sýnilegur út á við er mikilvægt að viðra þá hugmynd hvort að hann gæti aðstoðað KSÍ á annan hátt, t.d. þegar verið að taka ákvarðanir þar sem

þekking leikmanns á málefnum gæti vegið þungt. Kynna fyrir leikmönnum hvað er í boði (fyrirlestrar, þjálfun, íþróttufréttamennska o.fl., hér getur UEFA aðstoðað).

Þessir sendiherrar gætu hjálpað til við að búa til fylgjendur/áhorfendur fyrir markaðs- og kynningarefni sem KSÍ vill koma á framfæri. Þeir þurfa því að vera tilbúnir til að vera sýnilegir, hvort sem það er á þeirra eigin samfélagsmiðlum eða á miðlum KSÍ. Eins þurfa þeir að vera tilbúnir að koma fram í fjölmiðlum undir þessum formerkjum.

Annar áhugaverður punktur sem kom fram við skoðun á þessu „legend programme“ er markaðsstarf fyrir yngri iðkendur. UEFA nýtir þá leikmenn sem hafa unnið Meistaradeildina og þessar stóru deildir í sínu markaðsstarfi til að vekja athygli og áhuga á fótbolta hjá ungu fólki.

Þessi hópur er ekki stór á Íslandi en það útilokar samt ekki að hægt sé að vinna markvisst með þekktum einstaklingum að því að vekja áhuga á knattspyrnu kvenna. Hægt væri að nýta nýja samfélagsmiðla, t.d. Tik tok. Væri t.d. hægt að nota samfélagsmiðlastjórnur í bland við fótboltakonur til að setja meiri kraft í markaðsefnið? (UEFA fór í #WePlayStrong verkefnið þar sem söngkonan Ariana Grande og leikkonan Millie Bobby Brown voru fengnar til að vekja athygli á fótbolta. Brown er sérstaklega gott dæmi þar sem hún var látin æfa **drillur** með ungum stelpum. Brown hefur aldrei spilað fótbolta en hefur áhuga á íþróttinni. Varð í raun sýnidæmi um það að enginn er góður strax í upphafi - allir geta æft).

Setja upp marketing/ commercial revenue pakka

Það er sammerkt með öllum þeim miðlum sem rætt var við vegna endurskoðunar knattspyrnu kvenna að enn séu styrktaraðilar langt á eftir í því að styðja við knattspyrnu kvenna. Sagðar voru frásagnir og bent á upplýsingar um að þegar t.d. væri verið að leita að kostendum á viðburði sem gera ætti jafnhátt undir höfði kvennamegin og gert hefur verið karlamegin þá taki einungis örfá fyrirtæki þátt. Mjög algengt er að einungis 1-2 styrktaraðilar séu til í að taka þátt í sömu verkefnum kvennamegin af þeim 4-5 sem voru með í sama viðburði karlamegin. Oftast eru það samt engin. Einnig hefur fjölmiðlum gengið verulega illa í því að fá alla kostun er snýr að knattspyrnu kvenna. Eins og hér hefur komið fram hafa fjölmiðlar brugðist við kallinu þegar kemur að jafnrétti í umfjöllun um knattspyrnu. Ekki er verið að segja að fullkomnu jafnvægi sé náð en verið er að stíga réttu skrefin í þá átt. Fyrirtækin sitja hins vegar eftir. Þó að fyrirtæki séu með útgefna jafnréttisstefnu virðist hún ekki ná til allra þátta, sem er miður. Einnig er það svo að þau fyrirtæki sem vilja styrkja knattspyrnu kvenna vilja einungis gera það með litlum hluta af því fjármagni sem þau hafa gert þegar knattspyrna karla á í hlut. Þá virðist vera mun

auðveldara að fá kostun fyrir kvenfólk ef markaðsstjóri fyrirtækis er kona. Ólíklegt er að mörg fyrirtæki myndu eingöngu vilja styrkja karlaboltann en engu að síður er fjármagnið frá þeim nær eingöngu til hans. Hér þarf að lyfta grettistaki.

KSÍ og félögin í landinu þurfa að vera með hvatningu og áminningu til fyrirtækja um að við erum komin til ársins 2021 þar sem jafnrétti þykir orðið sjálfsagt og ljóst er að knattspyrna kvenna mun eiga erfitt með að ná lengra ef engir peningar fylgja til að auka hróður hennar. FIFA og UEFA hafa bæði sett upp tæki sem eiga að hjálpa til við markaðssetningu knattspyrnu kvenna. Nauðsynlegt er að KSÍ hafi forystu í því að markaðssetja knattspyrnu kvenna gagnvart fyrirtækjum og aðstoða félögin við að geta fengið aukið fjármagn inn til sín svo að þau geti viðhaldið og aukið það jafnrétti sem þau hafa haft forystu með að veita. Þessi þáttur er ásamt fjölgun áhorfenda þeir leiðir sem eftir sátu í þessari endurskoðun. Ástandið í knattspyrnuheiminum í ljósi COVID-19 og þeirra gífurlegu takmarkana sem knattspyrnan hefur átt við að etja síðasta sumar, urðu þess valdandi að fyrirhugað átak fór aldrei í gang. Hins vegar mun markaðssemi KSÍ taka þetta áfram í samstarfi við ÍTF og koma með leiðir til að markaðssetja deildirnar betur, sem mun svo nýtast félögunum í sinni vinnu. En áskorunin er augljós, fyrirtækin þurfa að vera með og fylgja sínum jafnréttisstefnum alla leið – ekki bara í orði heldur líka á borði.

Breytum ímyndinni, aukum sýnileikann

– samantekt

Þegar skoðaðar eru upplýsingar frá fjölmiðlum kemur berlega í ljós að aukinn sýnileiki/umfjöllun hefur orðið á knattspyrnu kvenna undanfarin tvö ár. Við búum einnig við mun betri stöðu hér en í mörgum öðrum löndum í Evrópu. Það er hins vegar svo að hægt er að gera betur og af viðtölum við fjölmiðla má greina að þeir eru til í þann slag. Það er hins vegar svo að aukið fjármagn þarf að fylgja með. Setja þarf upp áttak á vegum KSÍ sem styður við knattspyrnu kvenna sem markaðsvöru og hvetur fyrirtækin til að auka við stuðning til kvennaíþróttar, en sláandi munur er á stuðningi fyrirtækja eftir kyni iðkenda. Ekki er nóg fyrir fyrirtækin í landinu að

vera með jafnréttisstefnu einungis í orði heldur verður að fylgja henni alla leið. Setja þarf verklagsreglur um skrif í fjölmiðla eða á samfélagsmiðla og við útgáfu fræðsluefnis. KSÍ stendur sig yfir heildina mjög vel, en gæta má betur að orðalagi í fjölmiðlaefni. Klára þarf að skrifa vinnulagið inn í jafnréttisstefnu sambandsins svo að því sé reglulega fylgt eftir.

Því miður fóru allar áætlanir um bættan aðsókn á leiki út um þúfur síðasta sumar en sambandið er hvatt til að gera í þessu áttak með styrktaraðilum og félögunum þannig að á árinu 2021 verði metaaðsókn á leiki.

Önnur leið til að bæta sýnileikann er að gera markvissa áætlun um „sendiherra hlutverk“ með fyrrum og núverandi leikmönnum. Áætlunin verður að vera vel skilgreind og sýnileiki hennar öllum ljós.

Ýtarefni:

UEFA stefnumótun knattspyrnu kvenna

FIFA stefnumótun knattspyrnu kvenna

UEFA we play strong ambassadors

Skýrsla vinnuhóps um 3,2 og meistaraflokk og skoðun á möguleika varaliða/U20 ath. heimildir úr ritgerðum

KSI